


Auðlindin Ísland

FERÐAÞJÓNUSTUSVÆÐI



Ferðamálaráð Íslands
Nóvember 2002

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKILGREINING VERKEFNIS.....	3
3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	4
3.1. Almenn atriði	4
3.2. Einstakir landshlutar	5
3.3. Tilteknir málaflokkar	10
3.3.1. Samgöngur.....	10
3.3.2. Gisting.....	11
3.3.3. Dægradvöl.....	12
3.4. Sérstök áhersla.....	13
4. SKIPTING Í SVÆÐI.....	14
5. HÖFUÐBORGARSVÆÐI.....	16
6. SUÐVESTURLAND.....	18
6.1. Reykjanes.....	18
6.2. Suðurland.....	20
6.3. Vestmannaeyjar.....	23
6.4. Vesturland.....	25
7. VESTFIRÐIR.....	29
8. NORÐURLAND.....	33
8.1. Húnaþing.....	34
8.2. Skagafjörður og Siglufjörður	36
8.3. Eyjafjörður.....	40
8.4. Þingeyjarsýslur	43
9. AUSTUR- OG SUÐAUSTURLAND.....	46
9.1. Austurland	46
9.2. Suðausturland	49
9.3. Skaftárþing	51
10. VIÐMÆLENDALISTI.....	54

1. INNGANGUR

Ráðherra ferðamála, Sturla Böðvarsson setti fram þá hugmynd á fundi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í apríl 2001, að nauðsynlegt væri að kortleggja auðlindina Ísland, meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika í ferðaþjónustu á Íslandi og móta framtíðarsýn sem hafa mætti hliðsjón af við uppbyggingu starfsgreinarinnar á komandi árum.

Í maí 1996 var gefin út skýrsla, *Stefnumótun í ferðaþjónustu* en hún var afrakstur vinnu sérstaks stýrihópsins í samvinnu við fjölda aðila í ferðaþjónustu. Síðastliðin ár hefur verið unnið samkvæmt þessari stefnumörkun og kafað dýpra í einstaka málaflokka. Á árunum 1997 og 1998 voru gefin út eftirtalin sérrit: *Markaðsáætlun, Menntun og rannsóknir, Samgöngur og skipulag, Afþreying, Gæða- og upplýsingamál og Sjálfbær ferðaþjónusta*.

Árið 2001 var gefin út skýrsla um stöðu mála, þ.e. lagt var mat á hvernig gengið hefði að framfylgja þeirri stefnu sem sett var vorið 1996 og ná þeim markmiðum sem stefnt var að í helstu málaflokkum ferðaþjónustunnar. Niðurstaðan er ánægjuleg að ýmsu leyti þar sem staðfest er að vel hafi miðað á mörgum sviðum. Á hinn bóginn er ljóst að verkefni eru óþrjótandi og sífellt koma fram nýjar hugmyndir um hvað má betur fara og hvernig best er talið að takast á við framtíðina.

Næstliðin ár hefur mikið verið rætt og ritað um tengsl sögu og menningar við ferðaþjónustu, enda er sterk hefð fyrir þessum þætti víða um heim. Einnig hefur verið nokkur umfjöllun um heilsutengda ferðaþjónustu. Síðla árs 1999 skipaði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra nefndir til að fjalla um þessa þætti ferðaþjónustunnar og greina þær aðgerðir stjórnvalda sem mættu verða til að efla þá. Mikil vinna var innt af hendi við að skoða og meta þessi viðfangsefni og helstu niðurstöður voru gefnar út í skýrslum á vegum samgönguráðuneytis. Annars vegar, *Heilsutengd ferðaþjónusta* um mitt ár 2000 og hins vegar *Menningartengd ferðaþjónusta* í ágúst 2001.

Til að fylgja eftir þeirri hugmynd ráðherra sem nefnd er í upphafi inngangsins var skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands falin umsjá málsins. Til að tryggja framgang þess var ákveðið að skoða stöðuna og leggja fram tillögur um aðgerðir til að efla ferðaþjónustu á tilteknum svæðum og styðjast þar við sjónarmið heimamanna ásamt hugmyndum frá ýmsum öðrum sem vinna í starfsgreininni. Haldnir voru 10 fundir með forsvarsmönnum fyrirtækja í ferðaþjónustu og einnig voru haldnir fundir í öllum landshlutum, 21 talsins.

Þá voru tillögurnar kynntar og teknar til umræðu á Ferðamálaráðstefnunni í Stykkishólmi þann 17. október 2002. Loks hafa tillögurnar verið í tvær vikur á samskiptavef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is, þar sem öllum hefur gefist kostur á að koma fram með

ábendingar og athugasemdir. Með öllu þessu hafa fengist fram fjölbreytt sjónarmið um viðfangsefnið sem nauðsynlegt var að hafa hliðsjón af í þessu verkefni.

Meðal þess sem bent hefur verið á að betur mætti fara við þessa vinnu er nánara samstarf við háskólasamfélagið og er það hér með tillaga skýrsluhöfundu að þegar þessar tillögur verða nýttar við gerð stefnumótunar sé eðlilegt að svo verði gert.

Staðreynd er að ferðaþjónustan gegnir vaxandi hlutverki í íslensku atvinnulífi og mikilvægt er að fyrir liggja sem gleggst mynd af stöðu hennar og framtíðarhorfum. Það er grundvöllur þess að stjórnvöld geti með skilvirkum hætti stuðlað að áframhaldandi vexti og uppbyggingu ferðaþjónustunnar og lagt sitt af mörkum með því að hlaða undir réttar forsendur til að árangur verði sem mestur.

Það er ætíð vandmeðfarið að taka ákvarðanir um hvort og hvernig hið opinbera á að styðja við atvinnustarfsemi. Það á ekki síður við um ferðaþjónustuna en aðrar greinar atvinnulífsins. Ljóst er að þegar mörg fyrirtæki og einstaklingar eiga í hlut er úr vöndu að ráða þegar benda skal á fáein atriði sem lögð er megináhersla á og hugsanlegt er að hið opinbera geti stutt við án þess að raska góðri jafnvægisreglu. Mikilvægt er að hafa í huga að þó hér séu dregin fram fáein höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að og eru þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustuna.

Valtýr Sigurbjarnarson landfræðingur var ráðinn til að annast þetta verkefni og hefur að mestu séð um úrvinnslu þeirra upplýsinga sem aflað var og gerð þessarar skýrslu. Elías Gíslason forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri skipulagði þá fundi sem voru haldnir og hafði umsjón með verkinu.

Í viðmælendalista eru nöfn þeirra sem rætt var við með formlegum hætti en auk þess hefur verið haft samband við marga sem gefið hafa mikilvægar upplýsingar. Öllum sem í hlut eiga er þakkað kærlega fyrir gagnlegar upplýsingar og góð ráð.

2. SKILGREINING VERKEFNIS

Þegar ákveðið var að hefja vinnu við þetta verkefni lágu í meginatriðum fyrir hugmyndir um hvernig því skyldi hagað. Það má draga saman í eftirfarandi þætti:

Helstu þættir

- Skilgreina markaðssvæði með tilliti til ferðaþjónustu.
- Draga fram sérstöðu hvers svæðis og helstu möguleika þar.
- Taka saman fyrirliggjandi upplýsingar og safna nýjum eftir þörfum.
- Skilgreina helstu segla íslenskrar ferðaþjónustu á komandi árum.
- Gera tillögur um skilgreind verkefni til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Stuðst við sjónarmið margra

Í meginatriðum hefur upphaflegum áætlunum verið fylgt en þó hefur verið brugðist við nýjum upplýsingum og sjónarmiðum meðan vinna við þessa skýrslu hefur staðið yfir. Í því felast bæði kostir og gallar. Kostirnir eru þeir að það sem nú brennur á ferðaþjónustuaðilum fær meira vægi en ella. Á hinn bóginn kann það að leiða til þess að dægurprasið fái meiri umfjöllun en ástæða er til á kostnað langtímasjónarmiða. Meginmálið er þó að reynt hefur verið að styðjast við sjónarmið margra sem hafa staðið og standa í eldlinu íslenskrar ferðaþjónustu og nálgast viðfangsefnið frá sjónarhóli þeirra sem mesta reynslu hafa.

Mismunandi sjónarmið um svæðisskiptingu

Þegar ferðaþjónustusvæði eru skilgreind er mikilvægt að gera sér grein fyrir því frá hvaða sjónarhóli horft er og hvort ástæða er til að vera með mismunandi skiptingu eftir því hvað haft er í huga. Nefna má í því sambandi erlenda ferðamenn annars vegar og innlenda hins vegar. Einnig mismun eftir árstíðum. Það kom glögg í ljós þegar rætt var við þá sem starfa við ferðaþjónustu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um tiltekin svæði.

Sérstaða höfuðborgarsvæðis

Höfuðborgarsvæðið hefur mikla sérstöðu og þess vegna er umfjöllun um það með öðrum hætti en um önnur svæði. Í fyrsta lagi hefur enginn viðmælenda í ferðaþjónustu látið að því liggja að rök séu fyrir því að skipta höfuðborgarsvæðinu með einhverjum hætti. Það er einsleitt í samgöngum og þjónustu og stjórnsýslumörk breyta þar engu um. Í öðru lagi hefur verið mikil umræða um hvað mikilvægast væri að gera á opinberum vettvangi til að styðja við ferðaþjónustu þar. Það hefur nú leitt til þeirrar niðurstöðu að samningur hefur verið undirritaður milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar um að standa að byggingu ráðstefnu- og tónlistarhúss og það verkefni er komið nokkuð á veg. Vafalaust á það eftir að reynast mikil lyftistöng á ýmsum sviðum menningar og ferðaþjónustu, ekki aðeins í Reykjavík heldur fyrir landið allt.

Reykjavík dregur vagninn á höfuðborgarsvæðinu

3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Meiri forgangsröðun

Helsta niðurstaða þessarar skýrslu er sú að mikilvægt sé að forgangsraða verkefnum í ferðaþjónustu með meira afgerandi hætti en gert hefur verið, þ.e. að velja fá verkefni sem telja má sérstök og einkennandi fyrir tiltekin svæði og fylgja þeim eftir af fullum þunga. Þetta val er að sjálfsögðu erfitt og allt orkar tvímælis þá gert er. Hins vegar má leiða að því veigamikil rök að ekki sé rétt að dreifa kröftunum þegar margt bendir til að ná megi betri árangri með því að taka minna fyrir í einu og ljúka því á ásættanlegum tíma.

Taka færra fyrir í einu og ljúka því á stuttum tíma

3.1. Almenn atriði

Meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika

Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika í ferðaþjónustu á Íslandi og móta framtíðarsýn sem hafa má hliðsjón af við uppbyggingu starfsgreinarinnar á næstu árum. Þegar ferðaþjónustusvæði eru skilgreind er mikilvægt að gera sér grein fyrir því út frá hvaða hagsmunum málið er metið og hvort ástæða er til að vera með mismunandi skiptingu eftir því hvað haft er í huga. Nefna má í því sambandi erlenda ferðamenn annars vegar og innlenda hins vegar. Einnig mismun eftir árstíðum. Vert er að muna eftir þessu þegar fjallað er um tiltekin svæði, enda kom þetta glöggt í ljós þegar rætt var við þá sem starfa við ferðaþjónustu víða um landið.

Mismunandi hagsmunir

Hvert svæði myndar ákveðna heild út frá fjarlægðum og framboði á þjónustu

Landinu er skipt í svæði út frá því að hvert þeirra fyrir sig myndi ákveðna heild með tilliti til fjarlægða og framboðs á þjónustu. Til að geta staðið undir nafni sem ferðaþjónustusvæði verður eitthvað áhugavert að vera til staðar t.d. í náttúrufari og/eða sögu og menningu sem fær fólk til að koma þangað og dvelja þar.

Eitthvað áhugavert til staðar

Skilvirk verkaskipting mikilvæg

Til að aðgerðir geti náð fram að ganga er nauðsynlegt að stjórnsýsla og stoðkerfi ferðaþjónustunnar sé skilvirkt og markvisst og vísast í því samhengi til *Stefnumótunar í ferðaþjónustu* sem samgönguráðuneytið gaf út 1996. Þó margt hafi áunnist síðan þá, má enn gera betur svo sem að skilgreina ítarlegar hlutverk og verkaskiptingu þeirra sem með einum eða öðrum hætti koma að málefnum ferðaþjónustunnar.

Hvað er sérstakt við Ísland?

Farin var sú leið á fundum, með þeim sem tengjast ferðaþjónustu að beina umræðunni í vissan farveg með því að spyrja tiltekinna spurninga. Dæmi um það eru spurningarnar: Hvað er alveg sérstakt við Ísland? Hvað er sérstakt á þessu svæði? Hvers vegna ætti einhver að leggja leið sína hingað? Þekkt er að hverjum þykir sinn fugl fagur. Margir nefna þau fjöll sem við blasa á hverjum stað, fossa, gljúfur, tilkomumiklar hraunbreiður eða eitthvað annað í náttúrunni sem vissulega er þess vert að því sé sómi sýndur og umgengist með athygli og gát. Flest af þessu er hins vegar ekkert einstakt. Víða í veröldinni eru fögur og tilkomumikil fjöll, mikilfenglegir fossar og gríðarleg gljúfur. Sannast sagna eiga Íslendingar fá met í þessum efnum.

Hver er sérstaða hvers svæðis?

Hverjum þykir sinn fugl fagur

Eldur og ís
Vatnajökull
Náttúra, saga, menning
Þingvellir
Vesturfarasetur

Sérstaðan er miklu fremur á öðrum sviðum og þá kemur einkum tvennt í hugann. Annars vegar er það **samspil elds og íss** og hins vegar **samspil náttúru, sögu og menningar**. Vatnajökull er gott dæmi um hið fyrrnefnda. Hann er einstök gersemi frá sjónarhóli ferðaþjónustu og býður upp á mikla möguleika. Mörg dæmi mætti nefna um samþættingu náttúru og menningar. Þingvellir koma í hugann þar sem elsta þjóðþing heimsins var stofnað á sviði sem náttúran skóp og myndar ásamt sögunni og menningunni órofa heild. Einnig má nefna eitt af því sem á síðustu árum hefur vakið mikla athygli en það er Vesturfarasetrið á Hofsi. Það á rætur sínar í landnámi Íslendinga í Vesturheimi sem aftur átti sér orsakir í óblíðri náttúru, m.a. stórfelldu sprengigosi í Öskju árið 1875. Þannig spinnast náttúran, sagan og menningin saman.

Markaðssvæði

Með þetta í huga er hægt að hugsa sér tiltekin markaðssvæði sem seljendur og kaupendur þjónustu líta til þegar þeir skipuleggja sína starfsemi. Í þeirra huga verða til ákveðin markaðssvæði út frá ferðatíma og framboði á fjölbættri afþreyingu og þjónustu sem þar er að finna. Þarna hafa samgöngur mikið að segja og breytingar á þeim geta haft áhrif á mörk tiltekinna markaðssvæða. Hvalfjarðargöngin eru gott dæmi um það.

Svæðisskipting
Ýmis sjónarhorn og mismunandi hagsmunir

Af samtölum við fjölda fólks sem vinnur við ferðaþjónustu má ráða að svæðisskipting veltur mjög á því frá hvaða sjónarhorni og hagsmunum málin eru skoðuð. Sem dæmi um þetta má nefna Suðvesturland. Að ýmsu leyti er það allt eitt markaðssvæði, alveg vestan úr Dölum og austur undir Eyjafjöll og þá er Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes meðtalið, en innan Suðvesturlands eru þó tiltekin héruð eða minni svæði með sína sérstöðu og sérkenni. Þetta eru einingar sem hægt er að skilgreina sérstaklega út frá ákveðnum forsendum, t.d. framboði á gistingu og einhverju sérstöku sem dregur fólk að, manngerðu eða frá náttúrunnar hendi. Hvert hérað hefur sín einkenni og sína sérstöðu og fyrir þá sem stunda þar ferðaþjónustu er mikilvægt að undirstrika hið sérstaka í samkeppni um viðskiptavinina.

3.2. Einstakir landshlutar

Höfuðborgarsvæði

Sérstaða
Höfuðborgarsvæðis

Höfuðborgarsvæðið hefur algjöra sérstöðu sem eina borgarsamfélagið á Íslandi með höfuðborgina Reykjavík sem þungamiðju. Þó að svæðið sé margar stjórnsýslueiningar er það ein heild með tilliti til atvinnu.

Mikil fjölbreytni

Náttúrufar hefur augljóslega lítið vægi miðað við aðra landshluta meðan hið manngerða vegur þeim mun þyngra. Á höfuðborgarsvæðinu er flest að finna fyrir gesti sem hugsast getur. Útval gististaða er mikið og dægradvöl er ríkuleg. Þar má nefna fjölda safna, málverkasýningar, leiksýningar og fjölda skemmtistaða þar sem finna má afþreyingu á öllum árstímum. Fyrir dyrum stendur að byggja ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík. Það á enn eftir að auka möguleika á ráðstefnum og ýmsum menningarviðburðum.

Náttúran innan seilingar

Sérstaðan á fjölbjódamarkaði felst m.a. í nálægðinni við óspillta náttúru, útivistarsvæði innan borgarinnar, hreinleika hennar og smæð. *Reykjavík – next door to nature*, svo vitnað sé í slagorðið á ensku. Hugmyndafræðin um nýtingu jarðvarma til heilsuþótar er um þessar mundir m.a. kynnt og notuð í gegnum átakið *Reykjavík SPA City*.

<i>Bláa lónið</i>	<p>Reykjanes</p> <p>Á Reykjanesi er nú lögð mikil áhersla á heilsufars- og náttúrutengda ferðaþjónustu og möguleikarnir eru miklir vegna þess sem náttúran hefur upp á að bjóða í nálægð við mesta þéttbýli landsins. Skrautfjöðrin er eitt af undrum Íslands, Bláa lónið. Góð staðsetning þess nálægt Keflavíkurlugvelli og stuttur ferðatími til Reykjavíkur skapar gríðarlega möguleika og ætla má að Bláa lónið verði eitt helsta dýrmæti íslenskrar ferðaþjónustu í framtíðinni.</p>
<i>Fjöldi ferðamanna</i>	<p>Suðurland</p> <p>Suðurland er afar fjölbreytt frá náttúrunnar hendi og þangað flykkist mikill fjöldi ferðamanna. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið hefur mikið að segja og veitir Sunnlendingum umtalsvert forskot á mörgum sviðum fram yfir önnur svæði á landsbyggðinni, enda benda rannsóknir til að um 300 þúsund ferðamenn, innlendir og erlendir sækja þá árlega heim.</p>
<i>Þingvellir</i>	<p>Þarna eru heimspektir staðir og náttúruferðir svo sem Þingvellir, Geysir og Hekla. Frá austurhluta svæðisins eru fjölfarnar leiðir að undraveröld hálendisins þaðan sem stutt er úr byggð í þekktar náttúru-paradísir á borð við Þórsmörk og Landmannalaugar.</p>
<i>Geysir</i>	
<i>Eldgosið 1973</i>	<p>Vestmannaeyjar</p> <p>Vestmannaeyjar eru einstök veröld. Bæði er náttúran stórbrotin og mannlífið sérstakt vegna náinnar sambúðar við höfuðskepnurnar. Eldgosið 1973, afleiðingar þess og hvernig brugðist hefur verið við er áhrifamikið skoðunarefni fyrir ferðamenn. Baráttan við náttúruöflin og hvernig tókst að nýta jarðhitann er mjög merkilegt.</p>
<i>Eitt markaðssvæði</i>	<p>Vesturland</p> <p>Að ýmsu leyti má líta á Vesturland allt sem eitt markaðssvæði, en innan þess eru þó tiltekin héruð eða minni svæði með sína sérstöðu og sérkenni.</p>
<i>Íþróttamenning og safnasvæði á Akranesi</i>	<p>Á Akranesi hefur verið byggt upp eftirtektarvert safnasvæði og staðurinn er einnig þekktur fyrir framsækna íþróttamenn, einkum í fótbolta og þar á íþróttamenning sér djúpar rætur. Góður árangur ber vitni um það.</p>
<i>Reykholt</i>	<p>Í Borgarfirði er nú lögð mikil áhersla á menningar- og sögutengda ferðaþjónustu með áherslu á Reykholt. Þar eru án efa miklir möguleikar sem þarf að skilgreina betur og taka föstum tókum. Einnig eru uppi hugmyndir um að gera sérstakt Egilssetur í Borgarnesi. Hugsanlegt er að hagkvæmt sé að hafa samvinnu við Dalamenn um söguskoðun, t.d. með sameiginlegri markaðssetningu þar sem þeir hafa unnið ötullega að eflingu ferðaþjónustu með skírskotun til sögunnar, Eiríks rauða og Leifs Eiríkssonar.</p>
<i>Magnaðar söguslóðir</i>	
<i>Snæfellsjökull og þjóðgarðurinn</i>	<p>Miklar vonir eru bundnar við þjóðgarðinn á Snæfellsnesi og þá möguleika sem hann gefur ef vel er á málum haldið. Snæfellsjökull dregur marga að og hið sama má segja um Breiðafjörðinn sem á engan sinn líka hér á landi. Hvort tveggja gefur tiltekna sérstöðu og hana ber að nýta.</p>
<i>Ákveðin heildarímynd</i>	<p>Vestfirðir</p> <p>Af samtölum við ýmsa sem vinna að framgangi ferðaþjónustu á Vestfjörðum má ráða að Vestfirðir sem heild hafi ákveðna ímynd sem laði fólk á svæðið.</p>

Fjögur innri svæði

Hins vegar kom greinilega fram að vegna vegalengda og ýmissa annarra þátta má skilgreina fjögur svæði innan landshlutans sem hvert um sig hefur sína sérstöðu. Það eru Strandir, Hornstrandir, Norðurfirðir og Djúp og Suðurfirðir og Barðaströnd.

Látrabjarg og vestasti oddi Evrópu

Á Suðurfjörðum stendur Látrabjarg upp úr sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar þarf að bæta aðgengi og búa til nýja möguleika með samgöngubótum. Á Bjargtöngum er vestasti oddi Evrópu og á þessu svæði má spyrða saman í skemmtilega heild ævintýraferð sem innifelur vottorð um komu þangað ásamt för á Látrabjarg og til viðbótar nasasjón af sérstakri menningu svo sem safnið á Hnjóti ber vott um.

Ísafjörður - samgöngur, þjónusta og menning

Ísafjarðarbær gefur norðursvæði Vestfjarða mesta þyngd, enda er staðurinn miðstöð samgangna og stjórnsýslu á Vestfjörðum og þar er fjölþætt þjónusta til staðar. Verið er að byggja upp menningarmiðstöð þar sem í boði verður fjölbreytt dagskrá allan ársins hring í mörgum listgreinum. Á Ísafirði er nýtt og endurbætt skíðasvæði sem býður upp á mikla möguleika í vetrarferðamennsku.

Göldróttir Strandamenn

Hornstrandir hafa sérstöðu sem ævintýraheimur fyrir göngufólk enda eru engar vegasamgöngur þar. Þjónusta við þá sem þangað sækja, á eigin vegum eða í skipulögðum hópum, getur bæði verið frá Ströndum og frá byggðum við Djúp. Á Hólmavík hefur verið komið á fót fyrsta áfanga í verkefninu *Galdrasýning á Ströndum*, en það menningararfleifð sem tengist göldrum enda hafa Strandamenn lengi þótt magnaðir á því sviði og það er í góðum takti við hrikalega náttúru Norðurstranda.

Húnaþing

Mikið gegnumstreymi

Af samtölum við þá sem vinna að markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að þar er litið til Húnaþings þeim augum að þangað sé ekki mikið að sækja, hvorki í náttúru- né menningartengdri ferðaþjónustu. Þetta er mörgum heimamönnum ljóst og þess vegna hefur áhersla verið lögð á svokallaða viðburðaferðamennsku. Dæmi um það er Kántrýhátíðin á Skagaströnd.

Einstakir viðburðir

Kántrýhátíð

Grettisslóðir

Í Vestur-Húnavatnssýslu er nú unnið að menningar- og sögutengdri ferðaþjónustu með áherslu á Grettissögu. Þar eru hugsanlega miklir möguleikar sem þarf að skilgreina betur og gera þannig úr garði að ferðafólki finnist ástæða til að staldra við og skoða í leiðinni ýmislegt sem héraðið hefur upp á að bjóða. Samvinna við Austur-Húnavetninga og Skagfirðinga er mikilvæg í þessu tilliti, enda er Drangey hluti af sögu Grettis og þar að auki er Drangeyjarferð mjög sérstök upplifun fyrir náttúruunnendur. Nauðsynlegt er að heimamenn taki mið af þessu í samvinnu við fleiri sem áhuga hafa og skapi sér sérstöðu og ímynd sem lagt verði kapp á að kynna.

Á Blönduósi kom fram að raunhæft væri að þjónusta ferðamenn þaðan til Hornstranda og margir kynnu að kjósa aðeins lengri siglingu, frá stað við þjóðveg eitt, fremur en að aka langan veg norður Strandir eða keyra eða fljúga til Ísafjarðar og sigla þaðan.

Skagafjörður

Á ýmsum sviðum horfa menn á Norðurland vestra sem eina heild. Innan hennar eru þó sérstök svæði og margir telja raunhæfast og árangursríkast að markaðssetja Skagafjörð einan og sér eða í samvinnu við Eyfirðinga.

<i>Tröllaskagaslóðir</i>	Þar geta menn sameinist um ýmislegt, m.a gönguleiðir á Tröllaskaga. Aðrir telja sameiginlega hagsmuni bundna við mikið minni svæði, jafnvel einstaka staði eða sveitarfélög eins og Siglufjörð. Siglufirðingar hafa lagt megináherslu á einstaka viðburði og þannig reynt að fá gesti á staðinn. Gott dæmi um það er <i>Síldarævintýrið</i> sem hefur verið árviss og fjölmenn samkoma undanfarin ár.
<i>Glaumbær, Hólar, Hofsó</i>	Byggðasafnið í Glaumbæ hefur mikið aðdráttarafl og sérstöðu meðal byggðasafna hvað fjölda heimsókna snertir. Hólar og Hofsó eru tvímælalaust staðir sem gegna vaxandi hlutverki í ferðaþjónustu og á báðum stöðum eru miklir möguleikar. Vesturfarasetrið á Hofsósi byggir á vel útfærðri hugmynd og þar hafa verið gerðar markvissar áætlanir sem ætla má að eigi eftir að efla ferðaþjónustu á svæðinu. Sú uppbygging sem þar hefur átt sér stað er gott dæmi um hvernig búa má til eitthvað sérstakt sem dregur að sér athygli og gesti.
<i>Vesturfarasetrið</i>	
<i>Íslenski hesturinn</i>	Vægi Hóla í ferðaþjónustu hefur aukist og aðstæður á staðnum gefa mikla möguleika. Þá ber að minnast á íslenska hestinn en ímynd Skagafjarðar er órjúfanlega tengd honum. Til eru þeir sem telja að markaðssetja eigi Skagafjörð sem sérstakt hestasvæði með því að leggja meiri áherslu á skipulagðar hestaferðir og stóðréttir og annað sem fylgir hestamennsku.
<i>Vænlegt vaxtarsvæði</i>	Af samtölum við þá sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að litið er til Skagafjarðar sem vænlegs vaxtarsvæðis.
	Eyjafjörður
<i>Uppbygging í Hlíðarfjalli</i>	Ljóst er að Eyfirðingar hafa mikla möguleika á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Tekið er undir þau meginatriði sem fram koma í stefnumótun frá 1990 og enn eru á dagskrá, þ.e. áframhaldandi uppbyggingu skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli og byggingu menningar- og ráðstefnumiðstöðvar. Akureyri hefur mikið aðdráttarafl vegna stærðar sinnar og fjölbreytni í afþreyingu og þjónustu. Staðsetningin er nokkuð miðlæg á Norðurlandi og samgöngur góðar. Akureyrarflugvöllur er vannýtt auðlynd til millilandaflugs sem nýta mætti betur. Baklöndin eru öflug á sviði ferðaþjónustu, einkum í Þingeyjarsýslum en einnig og í vaxandi mæli í Skagafirði. Eftirtektarvert er að í nefndri stefnumótun er lagt til að nýta nálægðina við Mývatnssveit og horfa á hana sem tækifæri í stað þess að fjarngviðrast yfir því að ferðamönnum sé ekið þangað og horfa á það öfundaraugum. Á þessu sviði hefur orðið ánægjuleg breyting til batnaðar.
<i>Akureyri er aðdráttarafl með öflug baklönd</i>	
	Þingeyjarsýslur
<i>Miklir möguleikar</i>	Þingeyingar hafa gríðarlega möguleika í ferðaþjónustu. Svæðið er meðal þeirra fjölbreyttustu frá náttúrunnar hendi og það dregur að mikinn fjölda ferðamanna. Mývatnssveit er mikill ævintýraheimur bæði hvað snertir jarðfræði og ýmsa þætti lífríkisins, einkum fuglalíf. Hið sama má segja um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og með góðum vegi vestan Jökulsár verða til fleiri möguleikar sem margir bíða eftir. Þá opnast með betri hætti einstök hringleið sem hægt verður að útfæra með ýmsum útúrdúrum og tengja dægradvöl sem verið er að byggja upp í héraðinu. Hvalamiðstöðin á Húsavík er gott dæmi um það.
<i>Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur</i>	
	Í Suður-Þingeyjarsýslu líta menn fyrst og fremst á svæðið frá Eyjafirði austur að Jökulsá á Fjöllum sem markaðsheild. Þetta er það svæði sem

Aukning á dægradvöl ferðamenn koma inn á til að verja þar einhverjum tíma. Í mestum mæli koma þeir til að skoða náttúruna og dvelja í héraðinu í þeim tilgangi, en til viðbótar því sem fjölbreytileiki náttúrunnar gefur af sér hefur orðið mikil fjölgun ferðamanna í ýmsa afþreyingu, t.d. hvalaskoðunarferðir.

Dettifosshringurinn Ein af grundvallarforsendunum fyrir því að ferðaþjónustan þróist með jákvæðum hætti á þessu svæði er að samgöngur batni og mikil samstaða er um *Dettifosshringinn*, þ.e. nýjan veg vestan Jökulsár á Fjöllum, en með honum og þeim vegabótum sem nú er unnið við á Tjörnesi verður komin góð hringleið á svæðinu. Á Norðausturlandi frá Raufarhöfn og austur í Vopnafjörð horfa menn til strandleiðarinnar sem tengist við Ásbyrgi inn á fjölfarnar slóðir í vestri og inn á hringveginn í austri, uppi á öræfunum eða í Jökuldal þegar fært er yfir Helligheiði milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Austurland og Suðausturland

Ein heild Það sem hér er kallað Austurland og Suðausturland hefur lengi verið ein heild á ýmsum sviðum. Það var eitt kjördæmi og ýmis samvinna sveitarfélaga hefur tekið mið af því. Hins vegar er landshlutinn að mörgu leyti tveir heimar; Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla. Hvað ferðaþjónustu varðar má finna nokkra samsvörun við Norðurland þar sem á báðum stöðum eru byggðarlög meðal þeirra fáförnustu á landinu eins og Þistilfjörður og einnig mjög eftirsóttir og fjölfarnir staðir eins og Mývatnssveit. Á Austurlandi má nefna hliðstæðu sem er hinn afskekkti og fáfarni Bakkafjörður en einnig afar fjölsóttir staðir eins og Skaftafell í Öræfum. Einnig Fljótdalshérað sem hefur nokkra sérstöðu vegna miðlægrar legu sinnar og veðursældar og öflugrar þjónustu á mörgum sviðum sem byggst hefur upp á Egilsstöðum, steinsnar frá ágætum flugvelli. Hið sama má segja um siglingar Norrænu til Seyðisfjarðar og með tilkomu nýrrar ferju vorið 2003 opnast fleiri möguleikar og umsvif í ferðaþjónustu munu aukast verulega á svæðinu.

Vatnajökulsþjóðgarður Vatnajökull á engan sinn líka í veröldinni og þar má finna mikil náttúruundur svo sem í Grímsvötnum og Kverkfjöllum. Ferðir á jökulinn hafa lengi notið mikilla vinsælda og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram. Umræða hefur verið um að gera jökulinn allan að þjóðgarði og á það er lögð mikil áhersla hjá aðilum í ferðaþjónustu.

Austurland og Suðausturland tvö markaðssvæði Á fundi með heimamönnum á Egilsstöðum kom fram að menn skilgreina sig og sitt svæði misjafnlega eftir því frá hvaða sjónarhóli það er gert. Sumir líta á Hérað sem eina heild en aðrir skilgreina allt svæðið frá Helligheiði til Breiðdalsvíkur sem eitt markaðssvæði. Aðrir nefna að Vatnajökul og að umhverfi hans eigi að skoða í stærra samhengi. Sama sjónarmið kom fram í Hornafirði þar sem jökullinn hefur verið þungamiðja umsvifa í ferðaþjónustu. Þar er þó ljóst í hugum viðmælenda að ýmsum þáttum ferðaþjónustunnar eigi að sinna staðbundið og því beri að líta á Suðausturland frá Lóni vestur í Skaftafell sem sérstakt svæði.

Skaftárþing er sérstakt svæði Í Vestur-Skaftafellssýslu líta flestir á svæðið sem sjálfstætt markaðssvæði og að tengslin og það sem sameiginlegt er nái fremur austur í Skaftafell en vestur á bóginn. Fyrst og fremst koma menn til að skoða náttúruna og dvelja í landshlutanum í þeim tilgangi, a.m.k. erlendir gestir.

Þetta kemur heim og saman við sjónarmið ferðaþjónustuaðila í Reykjavík sem segja að Suðurland austur til Hvolsvallar sé ákveðin heild sem ná megi yfir í dagsferðum, fyrirtækjaferðum, árhátíðum og öðru slíku í þeim dúr.

3.3. Tilteknir málaflokkar

*Samgöngur
Dægradvöl*

Á fundum í öllum landshlutum voru nokkur atriði sem oftast bar á góma. Mest voru þar áberandi samgöngumál og uppbygging afþreyingar, annars vegar með áherslu á sögu og menningu og hins vegar náttúrutengda dægradvöl.

3.3.1. Samgöngur

Á vegaáætlun eru framkvæmdir settar í tímaröð samkvæmt þeim áherslum sem Alþingi metur réttar hverju sinni. Lengi vel var um eina áætlun að ræða en síðan komu til skjalanna sérstakar áætlanir um jarðgangagerð sem ekki voru nema að litlu leyti látnar hafa áhrif á almennar vegaf framkvæmdir.

Ferðamálavegir

Með sama hætti og jarðgangagerð hefur breytt forsendum atvinnulífs og búsetu á viðkomandi stöðum má rökstyðja að tilteknar framkvæmdir á sviði samgöngumála hafi mikil áhrif á ferðaþjónustu. Hér er því lagt til að skilgreindur verði sérstakur málaflokkur, **Ferðamálavegir**. Þetta verði m.ö.o. nýr flokkur í samgöngumálum sem taki fyrst og fremst mið af þörfum ferðaþjónustunnar og til hans verði árlega varið fé til að þjóna sínu hlutverki á þeim vettvangi. Þeirri fjárveitingu sem Alþingi ákveður til ferðamálavega verði ráðstafað samkvæmt tillögum frá Ferðamálaráði í samráði við Vegagerðina samkvæmt nýjum lögum og reglugerð sem kveði nánar á um framkvæmdina.

Tillögur Ferðamálaráðs

Samgöngur mikilvægar

Það er kunnara en frá þurfi að segja hvað samgöngur skipta miklu fyrir þróun ferðaþjónustunnar og við gerð þessarar skýrslu kom fram hjá flestum viðmælendum að leggja bæri sérstaka áherslu á vegabætur eða nýlagningu vega til að þjóna ferðamönnum.

Eftirfarandi eru dæmi um vel rökstuddar framkvæmdir.

*Dæmi um mikilvæga
ferðamálavegi*


- Leggja veg um Ósaboyna milli Hafna og Sandgerðis og opna með því hringleið.
- Flýta gerð Suðurstrandarveggar og tengja þannig Reykjanes og Suðurland.
- Bæta vegasamgöngur milli Þingvalla og Laugarvatns með uppbyggingu Gjábackavegar.
- Bæta veg að Látrabjargi og auðvelda með því aðkomu að vestastanga Evrópu.
- Flýta framkvæmdum við *Dettifossveg* eins og kostur er, þ.e. gera góðan veg með vestanverðri Jökulsá á Fjöllum frá Þjóðvegi 1 á Mývatnsöræfum niður að Ásbyrgi.

3.3.2. Gisting

Nægjanlegt framboð á gistingu en huga þarf að gæðum

Í grófum dráttum má segja að framboð á gistingu á landsbyggðinni sé nægjanlegt og að sumra mati er framboðið of mikið enda benda meðaltalstölur um nýtingu almennt til þess að ekki sé þörf sé á aukningu. Með því er ekki lagt mat á gæði og breytingar geta verið nauðsynlegar á gistaðstöðu vegna kröfu um aukin þægindi.

Hitt er ljóst að varasamt er að draga of miklar ályktanir af meðaltalstölum og því getur verið skynsamlegt að byggja meira gistirými á einstökum stöðum. Reiknað er með að það gerist á almennum markaði. Niðurstaða þessarar skýrslu er sú að hið opinbera eigi ekki eða þurfi að koma að þeim málum nema í undantekningartilvikum.



1. mynd. Gistincætur eftir landshlutum 2001 – allar tegundir gistingar.

Heimild: Bygðastofnun og Hagstofa Íslands.

Ferðamenn dreifast afar ójafnt um landið, sem endurspeglast meðal annars í keyptri gistiþjónustu eins og fram kemur á 1. mynd. Utan höfuðborgarsvæðisins eru Suðurland og Norðurland eystra þau svæði sem flestir sækja heim en fáir leggja leið sína til Vestfjarða.

Byggja hótél á sunnanverðum Vestfjörðum

Ein ástæða þess er skortur á góðri aðstöðu. Hér er því lagt til að gerð verði undantekning á því sjónarmiði sem fram kemur í þessari skýrslu um afskipti hins opinbera varðandi uppbyggingu gistirýmis. Fundin verði leið til að byggja gott hótél á Suðurfjörðum Vestfjarða eða Barðaströnd til að ferðaþjónusta nái að festa þar tryggari rætur og til að mögulegt verði að nýta Látrabjarg og nágrenni þess við vestasta odda Evrópu.

Þetta er m.a. lagt til í ljósi þess að slík rekstrareining getur ekki orðið að veruleika á almennum markaði við núverandi aðstæður. Óraunhæft er að reikna með að tekjur af gistingu standi undir meiru en daglegum rekstri og þar af leiðandi er eins gott að taka tillit til þess frá byrjun.

3.3.3. Dægradvöl

Náttúra

Menning

Í grófum dráttum má skipta afþreyingu (dægradvöl) í tvennt. Annars vegar það sem náttúran býður upp á og hins vegar það sem búið er til af manna völdum, náttúrutengt (Bláa lónið, hvalaskoðun) eða óháð henni (söfn, sýningar og ýmis menningaratriði).

Eftirfarandi eru dæmi um aðgerðir og framkvæmdir sem tengjast afþreyingu.

Dæmi um uppbyggingu
dægradvalar

- Flýta byggingu ráðstefnu- og tónlistarhúss í Reykjavík.
- Efla afþreyingu á höfuðborgarsvæðinu, t.d. með byggingu *Landnámsskála* við Aðalstræti í Reykjavík.
- Nýta sérstöðu Bláa lónsins við almenna markaðssetningu á kostum Íslands.
- Standa fyrir langtímaáætlun um skipulag og uppbyggingu við Geysi í Haukadal.
- Skilgreina hlutverk Þingvalla í ferðaþjónustu og gera áætlun um framkvæmdir í ljósi þess.
- Skilgreina verkefni sem tengist gosinu í Vestmannaeyjum í samvinnu ríkis og bæjar.
- Efla sögustaðinn Reykholt sem miðstöð menningartengdrar ferðaþjónustu á Vesturlandi.
- Efla Þjóðgarðinn Snæfellsjökul með bættu skipulagi og aðgengi að jöklinum þar sem náttúran, sagan og dulúðin mynda órofa heild.
- Skilgreina verkefni sem tengist sjávarbyggðum á Vestfjörðum, auðlindum hafsins og strandmenningu Íslendinga.
- Hrinda af stað verkefni um Gísla sögu Súrssonar.
- Gera Grettistak að veruleika með stuðningi við það verkefni.
- Efla Vesturfarasetrið á Hofsósi og þá starfsemi sem því tengist.
- Byggja menningar- og ráðstefnuhús á Akureyri í samvinnu ríkis og bæjar.
- Styðja við uppbyggingu verkefnisins *Aldamótabærinn* á Seyðisfirði.
- Vinna að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og skipuleggja nýtingu hans.

3.4. Sérstök áhersla

Að öllu samanlögðu er hér lagt til að sérstök áhersla verði lögð á eftirtalda staði, enda mega þeir teljast einstakir í sinni röð fyrir ferðaþjónustuna, náttúru landsins og menningu og sögu þjóðarinnar.

Margir seglar

Auðvitað eru margir fleiri *seglar* í íslenskri ferðaþjónustu, ef svo má að orði komast um það sem dregur ferðamenn til landsins og um það. Þá er bæði átt við undur náttúrunnar og margt annað sem áhuga vekur og tengist sögu þjóðarinnar og menningu hennar eins og t.d. íslenski hesturinn og íslensku víðernin (hálandi).

Fáein höfuðatriði

Ljóst er að mörgum mun finnast margt vanta í þessa upptalningu og vissulega væri hægt að hafa listann svo langan að flestum væri gert til geðs. Hafa verður því í huga að markmiðið er að draga fram fáein höfuðatriði og hvetja til umræðu. Fróðlegt er fyrir hvern og einn að velta því fyrir sér hvar ætti að bera niður ef aðeins mætti nefna t.d. fimm staði. Vert er að hafa þetta í huga þegar eftirfarandi listi er lesinn og metinn.

Höfuðborgin Reykjavík

➤ Sérstök höfuðborg sem hefur upp á ótrúlega margt að bjóða og dregur sem slík til sín mikinn fjölda gesta.

Bláa lónið á Reykjanesi

➤ Sameinar frábærlega heilsutengda ferðaþjónustu, afþreyingu og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Geysir í Haukadal

➤ Þekktasta örnefni landsins sem býður upp á enn meiri möguleika. Þörf á stefnumótun, langtímaáætlun og skipulagi.

Þingvellir

➤ Mjög þekkt og einstakt dæmi um hvernig náttúran, menningin og sagan tvinnast saman.

Heimaey í ljósi jarðelda

➤ Ótrúlegt og einstakt tækifæri til að sýna nána sambúð Íslendinga við náttúruöflin og hvernig þau má nýta

Reykholt í Borgarfirði

➤ Staður Snorra Sturlusonar, eins mesta sagnaritara heimsins. Góður ráðstefnustaður í nálægð við Reykjavík.

Snæfellsnesþjóðgarður

➤ Kynngimagnaður staður þar sem allt er fyrir hendi, jökull, dulúð, fögur náttúra og fjölbreytt strandlíf.

Látrabjarg

➤ Stórbrotin náttúrusmíð, mögnuð björgunarsaga, og einstakt fuglalíf við vestasta tanga Evrópu.

Vesturfarasetrið á Hofsósi

➤ Sérstök og vel útfærð uppbygging. Hugmynd sem á sér traustar rætur í sögu og menningu þjóðarinnar og vesturfarana.

Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur

➤ Stórkostleg kennslubók í náttúrufræði sem þarf að skipuleggja betur með bættu aðgengi.

Vatnajökulsþjóðgarður


➤ Einstök töfraveröld elds og íss sem býður þess að vera metin að verðleikum fyrir ferðaþjónustuna og skipulögð fyrir hana.

4. SKIPTING Í SVÆÐI

<i>Hvert svæði ákveðin heild</i>	<p>Landinu er skipt í svæði út frá því að hvert þeirra fyrir sig myndi ákveðna heild með tilliti til fjarlægða og framboðs á þjónustu. Til að geta staðið undir nafni sem ferðaþjónustusvæði verður eitthvað áhugavert að vera til staðar t.d. í náttúrufari og/eða menningu sem fær fólk til að koma þangað og dvelja þar. Einnig er nauðsynlegt að framboð þjónustu sé nægilegt.</p>
<i>Tiltekin markaðssvæði</i>	<p>Með þetta í huga er hægt að hugsa sér ákveðin markaðssvæði sem seljendur þjónustu líta til þegar þeir skipuleggja sína starfsemi. Hið sama á við um kaupendur þjónustunnar. Í þeirra huga verða til sérstök markaðssvæði út frá ferðatíma og framboði á fjölþættri afþreyingu og þjónustu sem þar er að finna. Þarna hafa samgöngur mikið að segja og breytingar á þeim geta haft áhrif á mörk tiltekinna markaðssvæða. Hvalfjarðargöngin eru gott dæmi um það.</p>
<i>Mismunandi afstaða til svæðisskiptingar</i>	<p>Af samtölum við fjölda fólks sem vinnur við ferðaþjónustu má ráða að svæðisskipting veltur mjög á því frá hvaða sjónarhorni og hagsmunum málin eru skoðuð. Sem dæmi um þetta má nefna meginhluta Suðurlands og Vesturlands. Að ýmsu leyti er það allt eitt markaðssvæði, alveg vestan úr Dölum og austur undir Eyjafjöll, en innan þess eru þó tiltekin héruð eða minni svæði með sína sérstöðu og sérkenni. Þetta eru einingar sem hægt er að skilgreina sérstaklega út frá ákveðnum forsendum, t.d. framboði á gistingu eða sérstökum aðdráttarþáttum sem ýmist eru manngerðir eða frá náttúrunnar hendi. Hvert hérað hefur sín einkenni og sína sérstöðu og fyrir þá sem stunda þar ferðaþjónustu er mikilvægt að undirstrika hið sérstaka í samkeppni um viðskiptavinina.</p>
<i>Munur á afstöðu heimamanna og ferðaþjónustuaðila í Reykjavík</i>	<p>Nokkur munur er á því hvernig heimamenn og þeir sem starfa við ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu skynja og skilgreina markaðssvæðin. Ekkert er algilt í þessum efnum en almennt má segja að þeir síðarnefndu hafi svæðin stærri. Það kemur ekki á óvart enda má eðli málsins samkvæmt gera ráð fyrir að þeir sem skilgreina sig út frá sinni heimabyggð og sínum hagsmunum horfi til minna svæðis en hinir sem annast almenna markaðssetningu fyrir landið allt.</p>
<i>Fimm megin svæði</i>	<p>Niðurstaðan er því sú að skilgreina fimm megin svæði, en innan þeirra eru minni einingar sem hafa tiltekna sérstöðu. Að sjálfsögðu er ekki um hreinar línur að ræða eins og í lögbundinni stjórnsýslu og skörun getur verið með ýmsum hætti eftir því út frá hvaða hagsmunum línurnar eru dregnar. Þess vegna má ekki oftúlka þá skiptingu sem fram kemur á 2. mynd, enda er hún aðeins dregin upp og sýnd til að glöggva sig á meginlínunum. Með þær í huga og helstu <i>segla</i> íslenskrar ferðaþjónustu, staðsetningu þeirra, eðli og ástand má gera tillögur um aðgerðir sem ríkið getur staðið fyrir eitt og sér eða í samvinnu við aðra.</p>
<i>Innan þeirra minni svæði</i>	
<i>Varast oftúlkun</i>	

Megindrættir

Á eftirfarandi mynd eru dregnar línur yfir kort af Íslandi til að sýna megindrætti í svæðisskiptingu ferðaþjónustunnar. Eðli málsins samkvæmt eru skiptar skoðanir um slíka skiptingu og aftur skal undirstrikað að ekki má oftúlka myndina. Hún er hins vegar tilraun til að sýna megindrætti sem geta hjálpað stjórnvöldum til að skilgreina og velja fáein áhersluatriði.



2. mynd: Svæðisskipting íslenskrar ferðaþjónustu.

Fimm meginsvæði

Einnig minni einingar

Í næsta kafla er umfjöllun um þau svæði sem sýnd eru á 2. mynd. Meginsvæðin eru kölluð Höfuðborgarsvæði, Suðvesturland, Vestfirðir, Norðurland og Austur- og Suðausturland. Innan þeirra eru minni svæði eins og myndin ber með sér og ítarlegri greining á þeim fylgir hér á eftir. Höfuðborgarsvæðið er á myndinni innan Suðvesturlands en til að sérgreina það sem eitt af meginsvæðunum er það lítað.

5. HÖFUÐBORGARSVÆÐI

<i>Algjör sérstaða</i>	Höfuðborgarsvæðið hefur algjöra sérstöðu sem eina borgarsamfélagið á Íslandi með höfuðborgina Reykjavík sem þungamiðju. Þar er margt sem heillar en innri hlutföll þess eru frábrugðin öllum öðrum svæðum á landinu.
<i>Eina borgarsamfélagið</i>	Náttúrufar hefur augljóslega lítið vægi meðan hið manngerða vegur þeim mun þyngra. Þó að höfuðborgarsvæðið sé margar stjórnsýslueiningar er hér lítið á það sem eina heild. Fyrir því eru ríkar ástæður. Ekki hafa komið fram rök fyrir því að skipta höfuðborgarsvæðinu með einhverjum hætti. Það er einsleitt í samgöngum og þjónustu og stjórnsýslumörk breyta þar engu um.
<i>Ein heild þrátt fyrir stjórnsýslumörk</i>	Nokkur umræða hefur verið um hvað mikilvægast væri að gera á opinberum vettvangi til að styðja við ferðaþjónustu og auka möguleika Íslendinga í alþjóðlegri samkeppni. Það hefur nú m.a. leitt til þeirrar niðurstöðu að samningur hefur verið undirritaður milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar um að standa að byggingu ráðstefnu- og tónlistarhúss og það verkefni er komið nokkuð á veg.
<i>Ráðstefnuhús</i>	Með slíku húsi hefur náð fram að ganga eitt af helstu atriðunum í stefnumótun í ferðaþjónustu í Reykjavík sem gefið var út sem sérít í maí 1997 undir heitinu <i>Stefnumót</i> . Þar er m.a. bent á að mikil tækifæri liggja í ráðstefnum og fundum sem tengist nýrri ímynd Reykjavíkur sem sé hennar mesti styrkur, þ.e. nálægðin við óspillta náttúru, útivistarsvæði innan borgarinnar, hreinleiki og smæð hennar. <i>Reykjavík – next door to nature</i> , svo vitnað sé í slagorðið á ensku.
<i>Ímynd hreinleika</i>	Þetta má tengja því að á höfuðborgarsvæðinu eru notaðir endurnýtanlegir orkugjafar við hitun og raforkuframleiðslu. Vafalaust má auka heilsutengda ferðaþjónustu mikið eins og ítarlega er fjallað um í samnefndri skýrslu sem getið er hér í inngangi. Hugmyndafræðin um nýtingu jarðvarma til heilsubótar hefur m.a. sannað sig í Hveragerði, Bláa lóninu og núna á síðustu árum í Reykjavík í gegnum átakið <i>Reykjavík SPA City</i> .
<i>Endurnýtanlegir orkugjafar</i>	Það er í góðum samhljómi við fallegar gönguleiðir og útivistarsvæði, t.d. í Elliðaárdal og Öskjuhlíð þar sem Perlan undirstrikar með stórfenglegum hætti hve heita vatnið er þessu svæði dýrmætt. Annað dæmi um það er Álafoskvosin í Mosfellsbæ þar sem eitt sinn var vagma ullariðnaðarins á Íslandi en húsin hafa nú skipt um hlutverk og þjóna þörfum listamanna. Um kvosina er falleg gönguleið upp að Reykjum.
<i>Fögur útivistarsvæði</i>	Margir garðar eru vel fallnir til útiveru og Húsdýra- og fjölskyldugarðurinn í Laugardal er dæmi um ágætlega heppnaða afþreyingu. Einnig má hefna Hellisgerði sem er blóma- og skemmtigarður í Hafnarfirði. Þaðan er stutt í Hamarinn sem er bústaður álfa af konungakyni en að sögn kunnugra eru hvergi meiri álfabyggðir á Íslandi en einmitt þar. Í Hafnarfirði er mikið haldið upp á þjóðtrú og sögutengda ferðaþjónustu. Álfagönguferðir með leiðsögn og <i>Vikingahátíðin</i> eru góð dæmi um það.
<i>Fallegir garðar</i>	
<i>Álfar og víkingar</i>	

<i>Fjölþætt menning</i>	Framangreindu til viðbótar er af miklu að taka á sviði menningar og lista og <i>Menningarnótt í Reykjavík</i> er skemmtilegt dæmi um það. Listahátíð í Reykjavík hefur fest sig í sessi sem sérstök hátíð sem samanstendur af því besta sem Íslendingar hafa fram að færa í listum og menningu í bland við hið alþjóðlega, enda hefur fjöldi heimspekktra listamanna tekið þátt í hátíðinni sem er orðin víðfræg.
<i>Mikið gistirými</i>	Á höfuðborgarsvæðinu er mikið úrval gististaða. Meðalnýting ársins á hótélum og gistiheimilum í Reykjavík er um 64% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001. Það er miklum mun betri nýting en gerist á öðrum stöðum á landinu. Greinilegt er að þarna gerast breytingar í takt við lögmál framboðs og eftirspurnar og nú standa yfir miklar byggingarframkvæmdir til að svara aukinni eftirspurn. Það á bæði við um magn og gæði.
<i>Fjölbreytt dægradvöl</i> <i>Landnámsskáli</i>	Eins og fram hefur komið er framboð afþreyingar á höfuðborgarsvæðinu fjölbreytt og sífellt er verið að bæta um betur. Hugmyndir eru uppi um að byggja <i>Landnámsskála</i> við Aðalstræti í Reykjavík í tengslum við fornleifar sem fundust við uppgröft þar. Það væri góð viðbót við það sem er til staðar í sögu- og menningartengdri ferðaþjónustu.
<i>Efling ferðaþjónustu</i>	Fram kom hjá viðmælendum að mikilvægt væri að auka veg ferðaþjónustunnar almennt og auðvelt væri að færa rök fyrir því að skynsamlegt væri að setja meira fé í ýmsa grunnþjónustu, t.d. upplýsingamiðstöðvar og stefnumótun fyrir einstök svæði.
<i>Öflug höfuðborg nýtist landinu öllu</i>	Þó að athafnir þeirra sem sinna málefnum ferðaþjónustunnar í Reykjavík og nágrennabyggðum einskorðist að nokkru leyti við nánasta umhverfi lögðu viðmælendur ríka áherslu á að áhrifasvæðið í ferðaþjónustu væri tvímælalaust landið allt. Takist að efla hana árið um kring í höfuðborginni muni það koma ferðaþjónustunni á landinu öllu til góða.
	Tillögur
<i>Ráðstefnu- og tónlistarhús</i>	➤ Hraða gerð ráðstefnu- og tónlistarhúss í Reykjavík.
<i>Landnámsskáli</i>	➤ Efla afþreyingu á höfuðborgarsvæðinu, t.d. með byggingu <i>Landnámsskála</i> við Aðalstræti í Reykjavík.

Taka skal fram að þó þessi verkefni séu nefnd sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á höfuðborgarsvæðinu og eru þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustu.

6. SUÐVESTURLAND

Suðvesturland er hér skilgreint frá Reykhólasveit og austur undir Eyjafjöll. Innan þessarar heildar eru mörkuð fjögur svæði, Reykjanes, Suðurland, Vestmannaeyjar og Vesturland. Verður nú fjallað um hvert þeirra fyrir sig.

6.1. Reykjanes

Náttúran

Mikill jarðhiti

Bláa lónið

Brimfjörur

Fyrsti viti á Íslandi

Á Reykjanesi eru fimm sveitarfélög. Austurmörk svæðisins eru að landi Hafnarfjarðar og Árnassýslu. Á svæðinu eru tíðar samgöngur, jafnt sumar sem vetur. Vegir eru almennt góðir og flestir lagðir bundnu slitlagi. Náttúruvegur er afstætt hugtak og það ber að hafa í huga þegar ekin er alfaraleið um Reykjanes. Útsýni er mikið og fagurt, sjóndeildarhringurinn víður og við blasa tignarleg fjöll svo sem Snæfellsjökull, Akrafjall, Skarðsheiði og Esja. Nær má nefna Trölladyngju og Keili.

Víða er að finna áhugaverða staði á Reykjanesi. Þar eru mikil fuglabjörg og stutt er í ákjósanlega staði fyrir fuglaskoðun svo sem á Hafnabergi. Brimfjörur eru stórbrotnar, t.d. við Reykjanesvita. Jarðhiti er mikill á svæðinu. Þar má nefna hverasvæðið nálægt Reykjanesvita, en þekktast er þó Svartsengi þar sem Bláa lónið er. Árið 1878 var fyrsti viti á Íslandi byggður á Valahnúki skammt norðan við Reykjanestá. Átta sjómílur suður af Reykjanesi er Eldey, lítil móbergseyja og þar er þriðja mesta súlubyggð í heiminum.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 350 rúm

Framboð á gistingu á Suðurnesjum er töluvert og almennt má segja að vel sé fyrir henni séð. Þar eru um 170 herbergi með um 350 rúmum. Miðað við þá gístiaðstöðu sem nú er fyrir hendi og nýtingu á henni má leiða rök að því að raunhæft og skynsamlegt sé að auka framboð hennar. Nýtingin á hótélum og gistiheimilum er þokkaleg á ársgrunni, 59% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001. Á háönn kann að skorta gistirými en til lengri tíma lítið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Aðstæður eru viðunandi eftir því sem gengur og gerist á þessum markaði og þess vegna eru engin rök fyrir sértækum aðgerðum.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlanarferðir innan svæðisins og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Nokkur söfn

Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Bátasafnið í Reykjanesbæ, Byggðasafn Suðurnesja í Keflavík, Minjasafn Slysavarnarfélags Íslands í Garði, Fræðasetrið í Sandgerði, Sædýrasafnið í Höfnum, Saltfisksetur Íslands í Grindavík og Jarðfræðisetur Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Ýmis dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem handverkshús (gallerí), golf, merktar gönguleiðir, hvalaskoðun og útsýnisflug. Nokkrar sundlaugar eru á Reykjanesi en Bláa lónið hefur algjöra sérstöðu meðal baðstaða og tengist þeim jarðhita sem er á svæðinu. Til jarðfræðinnar má einnig rekja brúna milli austurs og vesturs sem reist hefur verið yfir gjána milli jarðskorpuflekanna sem Reykjanes hryggurinn skilur að.

Bláa lónið einstakt

Möguleikar

Miklir möguleikar

Reykjanes hefur mikla möguleika til að byggjast enn frekar upp sem ferðaþjónustusvæði. Þangað koma flestir sem ferðast til eða frá landinu. Þetta gefur þessu svæði umtalsvert forskot fram yfir aðra landshluta á mörgum sviðum ferðaþjónustunnar. Það á einkum við um erlenda ferðamenn en margir þeirra hafa hér stutta dvöl og þá skiptir máli hvað er hægt að sjá og gera á þeim afmarkaða tíma sem þeir hafa til umræða.

Bláa lónið skrautfjöðrin

Skrautfjöðrin er eitt af undrum Íslands, Bláa lónið. Það er orðið einn af vinsælustu viðkomustöðum ferðamanna, m.a. vegna nálægðar við Keflavíkurlugvöll og Reykjavík og þar eru nær óþrjótandi möguleikar til uppbyggingar og þjónustu, bæði á að auka núverandi starfsemi og bæta við nýjum þáttum heilsutengdrar ferðaþjónustu

Landrek og brúin milli austurs og vesturs

En fleira kemur til og nefna má að það fellur vel að ímyndinni um land elds og ísa. Jafnframt er starfsemin þess eðlis að hún tengist skynsamlegri nýtingu á auðlindum landsins og þar eru miklir vaxtarmöguleikar án þess að náttúrunni verði ofboðið eða umhverfisverðmætum spillt. Reikna má með að það skipti meira máli á næstu áratugum.

Gera má meira úr því sem nú er unnið að, m.a. brúnni milli austurs og vesturs. Landrekið er náttúrufræðileg staðreynd og það má tengja sögulegum viðburðum með skemmtilegum hætti.

Samantekt

Reykjanes sér svæði

Heimamenn skilgreina sitt svæði sem Reykjanesið allt og það mun halda áfram að vera sérstakt markaðssvæði þó kjördæmamörk breytist.

Heilsutengd ferðaþjónusta

Á Reykjanesi er nú lögð mikil áhersla á heilsufars- og náttúrutengda ferðaþjónustu. Eins og fram hefur komið eru möguleikarnir miklir vegna þess sem náttúran býður upp á nálægt Keflavíkurlugvelli og Reykjavík.

Bláa lónið

Bláa lónið er það sem fyrst kemur upp í hugann ef nefna á eitthvað eitt sem skiptir máli í ferðaþjónustu á Reykjanesi.

Samgöngubætur

Samgöngur skipta miklu og brýnt er fyrir þróun ferðaþjónustunnar að leggja veg um Ósabetna sem tengir Hafnir og Sandgerði með vesturströndinni og opnar nýja hringleið. Einnig er enginn vafi á því að Suðurstrandarvegur hefði mikið gildi fyrir ferðaþjónustu bæði á Reykjanesi og Suðurlandi.

	Tillögur
<i>Bláa lónið</i>	➤ Halda áfram að nýta sérstöðu Bláa lónsins við almenna markaðssetningu Reykjanes og Íslands í heild.
<i>Ósaboðnavegur</i>	➤ Leggja veg um Ósaboðna milli Sandgerðis og Hafna og opna með því hringleið.
<i>Suðurstrandarvegur</i>	➤ Flýta Suðurstrandarvegi og tengja með því Reykjanes og Suðurland.
<i>Landafundur/Íslendingur</i>	➤ Kynna og markaðssetja landafundina í Vesturheimi með skírskotun til ferðar skipsins Íslendinga vestur um haf.
<i>Brúin milli austurs-vesturs</i>	➤ Kynna Ísland sem brúna milli austurs og vesturs og tengja það jarðfræði og sögu með sýnilegum dæmum.

Tekið skal fram að þó að hér séu dregin fram fáein höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á Reykjanesi og eru þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustuna.

6.2. Suðurland

<i>Stefnumótun</i>	Í maí á þessu ári var gefin út <i>Stefnumótun í ferðamálum ásamt tillögum um þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu</i> fyrir sveitarfélagið Árborg. Nokkur önnur sveitarfélög hafa staðið að hliðstæðri vinnu, t.d. Hveragerði og uppsveitir Árnessýslu. Þetta er ein af mörgum staðfestingum á því hve mikils virði er að vinna skipulega að uppbyggingu atvinnulífs og að það sé langtímaverkefni sem þurfi að takast á við í ákveðnum skrefum.
<i>Áhersla á dægradvöl</i>	Áhersla á aukið framboð afþreyingar gengur víðast sem rauður þráður í gegnum markmið og leiðir að þeim í þessari stefnumótun. Merkingar á gönguleiðum og gerð og uppsetning þjónustu- og fræðsluskilta er eitt af því sem oft er nefnt. Víða hefur mikið áunnist á þessu sviði þó margt sé ógert enn.
<i>Nálægð við höfuðborgina</i>	Suðurland nýtur tvímælalaust nálægðar sinnar við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurflugvöll. Samkvæmt könnunni <i>Dear Visitors</i> sumarið 2001 fóru um 89% erlendra brottfararfarþega í Leifstöð eitthvað um Suðurland á ferð sinni um Ísland og allur þorri þeirra heimsótti Geysi og Gullfoss. Þetta sýnir í hnotskurn hve þessi landshluti er öflugur með tilliti til ferðaþjónustu.
<i>Fjölbreytni í náttúrufari</i>	Náttúran Suðurland er frábrugðið öðrum landshlutum að því leyti hve láglendi er mikið og að jafnan er greiðfært um allt svæðið á öllum árstímum. Fjölbreytni er mikil í náttúrufari frá grasi grónum láglendissveitum allt upp til jökla. Mestu hraun landsins eru á þessu svæði m.a. Þjorsárhraunið sem rann fyrir um 8000 árum. Þekktar eldstöðvar eru margar og þeirra frægust er Hekla, en einnig má nefna Heimaey og Surtsey.
<i>Áður undir sjó</i>	Við lok síðustu ísaldar lá allt Suðurlandsundirlendið undir sjó en lyftist þegar jöklar minnkuðu. Hæstu fjöllumörk í Ingólfsfjalli eru nú í 60 metra hæð yfir sjó. Suðurströndin er nær öll lág, sendin og hafnlaus frá náttúrunnar hendi. Frá ströndinni smáhækkar landið inn til miðhálandisins.

Nafnkunn fjöll Einstök fjöll setja mikinn svip á umhverfið á Suðurlandi svo sem Ingólfsfjall, Búrfell, Bláfjall, Hekla, Tindafjöll og Eyjafjöll með Eyjafjallajökul sem er hæsta fjall Suðurlands, allt að 1666 metra yfir sjó.

Mikil vatnsföll Miklar ár falla um Suðurland og þeirra mestar eru Hvítá-Ölfusá og Þjórsá sem renna um undirlendi Suðurlands. Austar eru Markarfljót og Jökulsá á Sólheimasandi. Allt eru þetta mikil vatnsföll.

Margir fossar Margir staðir eru þekktir og mikið um dýrðir náttúrunnar. Nefna má fossa eins og Gullfoss, Háafoss, 122 metrar, Seljalandsfoss og Skógafoss. Þá er jarðhiti víða mikill og honum tengt er þekktasta örnefni Íslands, Geysir, en nafn hans hefur verið tekið upp í mörgum erlendum tungumálum sem samheiti yfir goshveri.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 1840 rúm Ýmsir möguleikar eru á gistingu á Suðurlandi. Þar eru um 950 herbergi með um 1840 rúmum. Framboð gistingar er mikið í landshlutanum eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda. Einnig er ógrynni orlofshúsa á Suðurlandi.

Bæta þarf nýtingu Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 var nýting gistirýmis á ársgrunni á hótélum og gistiheimilum á Suðurlandi um 27%. Til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Sértekra aðgerða er því ekki þörf.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta Tjaldsvæði eru víða og mörg þeirra góð. Nefna má Skóga undir Eyjafjöllum en þegar vestar dregur er úr mörgu að velja, bæði á öllum þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum. Laugarvatn er dæmi um hið síðastnefnda. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunar- og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Fjölbreytt náttúra Eins og víðar á Íslandi er það stórbrotin og fjölbreytt náttúra sem hvetur flesta til heimsóknar á Suðurland. Boðið er upp á skipulagðar skoðunar- og útivistarferðir víða á svæðinu og þar er mikið af fallegum og fjölbreyttum gönguleiðum. Nefna má í því sambandi tvær meðal þekktustu gönguleiða landsins, Laugavegin sem svo er nefndur og liggur milli Þórsmerkur og Landmannalauga og Fimmvörðuháls sem farið er yfir þegar gengið er milli Skóga og Þórsmerkur.

Geysir; þekktasta örnefnið Geysir er einn þekktasti goshver í heimi eins og fram hefur komið. Svæðið umhverfis hann hefur verið friðlýst. Byggt hefur verið fræðasetur, Geysisstofa, þar sem hægt er að fræðast um eldgos, jarðskjálfta, jökla, hvera, fossa, vatnsbúskap og gróðurfar.

<i>Hekla fræg</i>	Hekla er eitt af kunnustu eldfjöllum heimsins enda var hún öldum saman talin inngangur að Helvíti og menn trúðu því að þar brynnu sálir fordæmdra. Gjóskulagarannsóknir benda til þess að þar hafi gosið um 20 sinnum á sögulegum tíma. Það er dagsverk að ganga á Heklu.
<i>Miklar söguslóðir</i> <i>Njálssaga þekktust</i>	Á Suðurlandi eru miklar söguslóðir og þar er Njála í öndvegi. Flestir kannast við sögur um nafnfræga kvenskörungna t.d. Hallgerði langbrók og hetjur sem riðu um héruð svo sem Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. Á Bergþórshvoli bjó Njáll ásamt Bergþóru konu sinni og sonum þeirra. Þar átti sér stað frægasta brenna Íslandssögunnar þegar þau hjón, ásamt flestum nánustu skyldmönnum voru brennd inni af óvinum þeirra árið 1011.
<i>Skálholt fornfrægt</i>	Einn kunnasti sögustaður landsins er Skálholt í Biskupstungum. Staðurinn er fyrrum biskupsstóll, en þar var biskupssetur frá 1056 til 1801. Nú situr vígslubiskup staðinn. Margir merkir atburðir tengjast Skálholti, t.d. voru Jón Arason og synir hans hálshöggðir þar árið 1550.
<i>Mörg söfn</i> <i>Byggðasafnið í Skógum</i>	Nokkur söfn eru á svæðinu, t.d. Byggðasafnið í Skógum sem þykir eitt hið merkasta sinnar tegundar á landinu, Sögusetrið (Njálusýning) á Hvolsvelli, Keldur á Rangárvöllum þar sem er járnvarin timburkirkja sem reist var 1875 og þar er einnig forn skáli sem er elsta bygging sinnar gerðar á Íslandi, Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal, Listasafn Arnesinga á Selfossi, Þuríðarbúð (gömul verbúð) á Stokkseyri og Sjóminjasafnið og Byggðasafn Arnesinga á Eyrarbakka.
<i>Ýmis dægradvöl</i>	Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, fljótasiglingar, kajakleiga, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósléðaferðir, sjóstangveiði og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa).
<i>Mikil umsvif</i> <i>Fjölbreytileiki</i> <i>Nálægð við Reykjavík</i>	Möguleikar Sunnlendingar hafa lengi búið við mikil umsvif í ferðaþjónustu og möguleikar eru miklir til áframhaldandi uppbyggingar. Svæðið er afar fjölbreytt frá náttúrunnar hendi og það dregur að mikinn fjölda ferðamanna enda eru umferðaleiðir margar og flestar góðar allan ársins hring. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið hefur mikið að segja og veitir Sunnlendingum umtalsvert forskot á mörgum sviðum fram yfir önnur svæði á landsbyggðinni.
<i>Heimspæktir staðir</i>	Á Suðurlandi eru heimspæktir staðir og náttúrufrýrbærir svo sem Þingvellir, Geysir og Hekla. Frá austurhluta svæðisins eru fjölfarnar leiðir að undraveröld hálendisins þar sem stutt er úr byggð í þekktar náttúruparadísir á borð við Þórsmörk og Landmannalaugar.
<i>Mikið menningar- og sögu svið</i>	Í þessum landshluta er einnig af miklu að taka á sviði sögu og menningar. Njálssaga hefur nú verið sviðsett fyrir ferðamenn og þar eru ýmis tækifæri á áframhaldandi þróun t.d. í aðstæðum og umgjörð sýningarinnar. Árlegir menningarviðburðir hafa þegar fest sig í sessi í Skálholti og þar stendur nú yfir einn mesti fornleifauppgröftur sem ráðist hefur verið í hér á landi. Það kann að hafa í för með sér ýmsa möguleika.

Samantekt

Misjöfn skilgreining

Á fundi með heimamönnum kom fram að menn skilgreina sig og sitt svæði misjafnlega eftir því hvar er og út frá hvaða sjónarhóli það er gert. Flestir líta á Suðurlandsundirlendið sem eina heild en austurmörkin eru samt nokkuð á reiki eftir því við hverja er rætt. Það kemur heim og saman við sjónarmið ferðaþjónustuaðila í Reykjavík sem segja að Suðurland austur til Hvolsvallar sé ákveðin heild sem ná megi yfir í dagsferðum og í tengslum við fyrirtækjaferðir, árshátíðir og fleira í þeim dúr. Jafnvel austur í Skóga undir Eyjafjöllum.

Náttúran fyrst og fremst

Fyrst og fremst koma menn til að skoða náttúruna og dvelja í landshlutanum í þeim tilgangi, a.m.k. erlendir gestir. Menningar- og sögutengdir viðburðir gegna þó vaxandi hlutverki, enda er ljóst að eftirspurn eftir afþreyingu fer vaxandi en margir ferðaþjónustuaðilar tala um skort á henni á Suðurlandi.

Vaxandi þjónusta tengd sögu og menningu

Fjöldi orlofshúsa

Mikill fjöldi Íslendinga kemur til Suðurlands og dvelur þar í sumarhúsum og orlofshúsum enda er fjöldi þeirra gríðarlegur. Það er vænlegur markhópur sem kaupir mikla þjónustu.

Tillögur

Skipulag við Geysi

➤ Gera langtímaáætlun um skipulag og uppbyggingu við Geysi.

Suðurstrandarvegur

➤ Flýta Suðurstrandarvegi til að tengja Suðurland við Reykjanes.

Njálusetur

➤ Styðja við uppbyggingu Njáluseturs á Hvolsvelli.

Hlutverk Þingvalla

➤ Skilgreina hlutverk Þingvalla í ferðaþjónustu og gera áætlun um framkvæmdir í ljósi þess.

Gjábakkavegur

➤ Bæta vegasamgöngur milli Þingvalla og Laugarvatns með uppbyggingu Gjábakkavegar.

Rétt er að taka fram að þó framangreind verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu á Suðurlandi.

6.3. Vestmannaeyjar

Náttúran

Vestmannaeyjar eru eyjaklasi úti fyrir suðurströnd Íslands. Þær eru taldar 15 til 18 auk um 30 skerja og dranga. Eyjarnar eru hlaðnar upp við eldsumbrot í sjó. Stærst er Heimaey, liðlega 13 ferkílómetrar. Flestar eyjanna eru sæbrattar en grasi grónar hið efra.

Sérstök náttúra

Margt fagurt er í náttúrunni og þar má nefna Heimaklett, Ystaklett, Klifið, Helgafell, Eldfell, Stórhöfða og Herjólfssdal.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 200 rúm

Nokkrir möguleikar eru á gistingu í Vestmannaeyjum. Þar eru um 90 herbergi með um 200 rúmum. Þetta eru bæði hótél og gistiheimili.

Á háönn kann að skorta gistirými en yfirleitt er svo ekki og á almennum markaði skapast jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði er gott í Vestmannaeyjum. Þar eru nokkrir veitingastaðir og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Gosið 1973

Landslag er óvenjulegt og stórbrotið í Vestmannaeyjum. Heimaey varð fræg í heimsfréttum í janúar 1973 þegar þar hófst mikið eldgos. Stór hluti bæjarins grófst þá í ösku og vikri eða fór undir hraun. Íbúar voru fluttir burt en flestir sneru aftur þegar hamförunum línnti.

Minnisvarðar gossins

Minnisvarðar gossins eru um allan bæ og áhugavert þykir að skoða nýja hraunið við austurjaðar bæjarins, enda er mikill hiti í því enn. Á Byggðasafninu í Eyjum er að finna lifandi sýningu um gosið og í kvikmyndahúsinu eru daglega sýndar myndir frá þessum atburðum. Í Vestmannaeyjum er einstætt sædýrasafn, hið eina á Íslandi.

Ýmis dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (galleri), gönguferðir með leiðsögn, útsýnisflug, reiðhjólaleiga, sundlaugar, siglingar umhverfis og við eyjarnar og sjóstangveiði. Einnig ýmis fuglaveiði.

Möguleikar

Samspil mannlífs og náttúru

Möguleikar Vestmannaeyinga felast fyrst og fremst í því sérstaka samspili mannlífs og náttúru sem þar er, enda sækja ferðamenn í að upplifa þessi tengsl og það mun áfram hvetja þá til að sækja eyjarnar heim.

Samantekt

Návígi við náttúruöflin

Ekki þarf að fara mörgum orðum um svæðisskilgreiningu. Vestmannaeyjar eru sér heimur og verða það áfram. Sérstaðan felst í mjög óvenjulegri nánd við náttúruöflin og höfuðskepnur tilverunnar.

Tillaga

Gosminjasafn

- Skilgreina verkefni sem tengist gosinu í Vestmannaeyjum í samvinnu ríkis og bæjar og gera áætlun um framkvæmdir í ljósi þess.

Taka skal fram að þó þetta verkefni sé nefnt sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

6.4. Vesturland

Byggðir milli jökla

Vinna við stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi lauk vorið 1998 og var gefin út í skýrslu með nafninu *Byggðir milli jökla*. Þar er fjallað um greinina í víðu samhengi og í kaflanum um framtíðarsýn 2005 segir m.a.:

Eitt þekktasta sögusvæðið

Sérstaða Vesturlands felst í því að vera eitt þekktasta sögusvæði landsins þar sem finna má fjölbreytt framboð afþreyingar fyrir ferðamenn í einstöku umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á menningu landshlutans, greiðar samgöngur og breitt framboð gistingar.

Meginstefna

Lögð er áhersla á að nýta sérstöðu Vesturlands sem eins helsta sögusvæðis landsins í þágu ferðaþjónustu og á að tengja ferðaþjónustu öðrum atvinnugreinum á svæðinu. Til að tryggja framtíð ferðaþjónustu er lögð sérstök áhersla á arðsemi ferðaþjónustufyrirtækja og tekjur af ferðaþjónustu í stað þess að leggja megináherslu á fjölda ferðamanna á svæðinu.

Auka fjölbreytni

Meðal meginmarkmiða er að auka fjölbreytni afþreyingar fyrir ferðamenn með sérstakri áherslu á sögu og menningu svæðisins. Einnig að lengja dvöl ferðamanna á Vesturlandi og fjölga gistinóttum þar. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná settu marki er að stuðla að fjölbreyttara framboði afþreyingar með sérstakri áherslu á dægradvöl sem stunda má óháð veðri. Hvatt er til stuðnings við ferðamennsku sem byggir á tilteknum viðburðum og að tímasetning þeirra og innihald sé skipulagt í samvinnu þeirra sem að þeim standa.

Sögutengd mynd

Fram kemur í stefnumótuninni að sérstaða Vesturlands felst í fjölbreyttu náttúrufari, sögu og menningu svæðisins og að byggja beri mynd landshlutans á því að vera svæði með sögulegt gildi þar sem finna megi náttúrutengda afþreyingu og lifandi menningu og sögu í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Náttúran

Fjölbreytt náttúra

Landslag er margbreytilegt á Vesturlandi sem hér er skilgreint frá Hvalfjarðarbotni vestur um Snæfellsnes og norður í Reykhólasveit. Í Hvalfirði blasa tilkomumikil fjöll við ferðamönnum og má þar nefna Þyril og Skarðsheiði með tindunum Skarðshyrnu, Heiðarhorni og Skessuhorni. Einnig Akrafjall og Hafnarfjall sem allir sjá sem um þessar slóðir fara.

Fjöll sem blasa við alfaraleið

Í Borgarfirði beggja vegna Hvítár og Norðurár er láglandi sem nefnist einu nafni Borgarfjörður. Margir dalir með ásum og hásum á milli skerast upp frá láglandinu. Í suðri blasir Skarðsheiði við með sínum tindum og líparíttfjallið Baula er mjög áberandi í Norðurárdal á sýslumörkum Mýra- og Dalasýslu. Allir sem fara alfaraveg um Borgarfjörð þekkja Grábrók sem er liðlega 3000 ára gamall gjallgígur rétt norðan við Bifröst.

Baula og Grábrók

Hæsti foss landsins

Margt áhugavert er að sjá í náttúru landshlutans. Í Botnsá inn af Hvalfirði er Glymur, hæsti foss landsins um 200 metrar. Inn af Hvítársíðu er Hallmundarhraun og þar má finna nokkra af stærstu hellum landsins, t.d. Surtshelli og Víðgelmi. Undan hrauninu falla hinir þekktu Hraunfossar í Hvítá en nokkru ofar í ánni er Barnafoss. Jarðhiti er mestur í Reykholtssdal og í neðanverðum dalnum er Deildartunguhver sem er með vatnsmestu hverum í heimi, um 180 sekúndulítrar af 100 gráðu heitu vatni. Á Sturlureykjum var fyrst byrjað að nýta heitt vatn og gufu til húshitunar hér á landi árið 1908.

Mestu hellar landsins

Vatnsmesti hverinn

Dulúð Snæfellsjökuls

*Ævintýralegt lífríki
Breiðafjarðar*

Snæfellsnes hefur upp á margt að bjóða fyrir náttúruskoðendur. Snæfellsnesfjallgarður er tilkomumikill með Ljósufjöllum, Drápuhlíðarfjalli, Helgrindum og Snæfellsjökli. Norðan á nesinu eru Enni og Búlandshöfði og þar stendur stakt hið stílhreina Kirkjufell við Grundarfjörð. Strandlengjan er mjög fjölbreytt og Breiðafjörður er ævintýraheimur út af fyrir sig. Fyrir botni hans eru grösugar sveitir Dalasýslu og Reykhólahreppur þar sem Vaðalfjöll eru einkennismerki byggðarinnar en þau eru fornir gígtappar.

Framboð á gistingu

Fjölbreyttir möguleikar eru á gistingu á Vesturlandi. Á Akranesi og í Borgarfirði eru um 400 herbergi með um 800 rúmum. Á Snæfellsnesi eru um 270 herbergi með um 600 rúmum og í Dölum og Reykhólasveit eru um 80 herbergi með um 180 rúmum til afnota í ferðapjónustu.

*Framboð gistingar er
um 1580 rúm*

Mörg orlofshús

Framboð gistingar er mjög mikið á Vesturlandi eins og framangreindar tölur bera með sér, þ.e. um 750 herbergi með um 1580 rúmum. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda. Þá er ótalinn mikill fjöldi orlofshúsa í þessum landshluta.

Bæta þarf nýtingu

Almennt má segja að vel sé fyrir gistingu séð á Vesturlandi. Hins vegar er nýtingin á hótélum og gistiheimilum lítil á ársgrunni, 26% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 og það veldur þekktum vanda í starfsgreininni. Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma lítið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru mörg á Vesturlandi, enda víða skjólsælt og umhverfi fagurt. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætluunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Egill Skalla-Grímsson

Snorri Sturluson

Vesturland á sér afar ríka sögu. Egill Skalla-Grímsson bjó að Borg á Mýrum og saga hans er mjög tengd þessum slóðum. Gunnlaugur ormstunga Illugason var frá Gilsbakka í Hvítársíðu. Reykholt er einn merkasti sögustaður landsins. Snorri Sturluson bjó lengst af í Reykholti þar sem hann var veginn af mönnum Gissurar jarls árið 1241. Hann er einn kunnasti rithöfundur, skáld og fræðimaður sem Ísland hefur alið.

Magnaðar sögulóðir

Eyrbyggja er sú saga Íslendingasagna sem einkum tengist Snæfellsnesi og Dalirnir eru aðal söguvið Laxdælu. Þessar sögur greina m.a. frá Þórólfi Mostrarskeggi, landnámsmanni sem hafði svo mikinn átrúnað á fjalli nokkru að hann kallaði það Helgafell. Það er skammt frá Stykkishólmi. Þar var klaustur á sínum tíma og þar er leiði einnar kunnustu konu Íslendingasagna, Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Ættfaðir Sturlunga, Hvamm-Sturla Þórðarson bjó að Hvammi í Hvammssveit og þar fæddust synir hans Þórður, Sighvatur og Snorri. Margt má þarna finna sér til dægradvalar sem tengt er sögunni. Fleira mætti nefna t.d. hina óborganlegu Ólafseyjarföer Grettis Ásmundarsonar þegar hann fór frá Reykhólum til að sækja nautið sem sagt er frá í Grettissögu.

Rótgróin íþróttamening

Þegar litið er til þess sem heldur uppi orðstír héraða og staða má ekki gleyma nútímanum. Mörgum er tamt að líta til fornrar frægðar en þá má ekki gleyma því sem nú er efst á baugi og eitt af því sem heldur nafni Vesturlands á lofti er góð frammistaða í íþróttum. Þar er Akranes efst á blaði enda er staðurinn til fyrirmyndar í því hverju mikill áhugi og tiltekin hefð geta komið til leiðar. Góð frammistaða í fótbolta er gleggsta dæmið um það. Ímynd staðarins er því tengd íþróttameningu en einnig fjölbreyttu safnasvæði.

Fjölþætt dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, hvalaskoðun, kajakleiga, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósleðaferðir, sjóstangveiði, og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa) og fjölbreyttar siglingaferðir um Breiðafjörð.

Fjöldi safna

Mörg söfn eru á svæðinu m.a. Byggðasafnið í Görðum á Akranesi, Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi, Búvélasafnið á Hvanneyri, Náttúrugripasafnið og Sjómannagarðurinn (sjóminjasafn) á Hellissandi, Gamla pakkhúsið (byggðasafn) í Ólafsvík, Norska húsið í Stykkishólmi sem hýsir byggðasafn héraðsins, Byggðasafn Dalamanna á Laugum og Eiríksstaðir í Haukadali.

Möguleikar

Margt í boði

Vesturland á að hafa alla möguleika á að blómstra sem ferðaþjónustusvæði. Umferð ferðamanna er mikil og héraðið hefur upp á margt að bjóða. Með bættum samgöngum aukast tækifærin og af samtölum við þá sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að þar er litið til Vesturlands sem eins helsta vaxtarbroddsins á næstu árum. Þetta er mikilvægt að heimamenn á Vesturlandi nýti sér vel til að bæta afkomu fyrirtækja og einstaklinga sem vinna við þjónustu sem tengist ferðamönnum.

Vænlegt vaxtarsvæði

Reykholt og Snorri Sturluson

Í Borgarfirði hefur átt sér stað mikil uppbygging í menningar- og sögutengdri ferðaþjónustu með áherslu á Reykholt. Þar eru án efa miklir möguleikar sem þarf að skilgreina betur og taka föstum tókum. Einnig eru uppi hugmyndir um að nýta orðstír Egils Skalla-Grímssonar og gera sérstakt Egilssetur. Dalamenn hafa unnið ötullega við að halda á lofti sögu landafunda og tengt það Eiríki rauða og Leifi syni hans. Eyrbyggja er sú saga Íslendingasagna sem einkum tengist Snæfellsnesi sem undirstrikar að allt Vesturland á sér afar ríka sögu þó hún sé mest bundin við Borgarfjörð og Dali.

Landafundur, Eiríkur og Leifur heppni

Mögnuð náttúra Snæfellsness

Aðdráttarafl Snæfellsness er meira fólgið í náttúru svæðisins og fjölbreytileika hennar. Fjallasvæðið milli Kerlingarskarðs og Holtavörðuhéiðar er ósnortið og dýmætt framtíðarsvæði þar sem t.d. má merkja skemmtilegar gönguleiðir. Miklar vonir eru bundnar við Þjóðgarðinn Snæfellsjökull sem stofnaður var árið 2001 og þá möguleika sem hann gefur ef vel er á málum haldið.

Dulúð Snæfellsjökuls

Snæfellsjökull dregur marga að enda þekktur í bókmenntum heimsins sem magnaður staður og hjúpaður dulúð. Þá er Breiðafjörðurinn mikil gullkista sem á engan sinn líka hér á landi. Það gefur sérstöðu og hana ber að nýta.

Samantekt

Eitt markaðssvæði en þrjú héruð

Að ýmsu leyti má líta á Vesturland allt sem eitt markaðssvæði, en innan þess eru þó tiltekin héruð eða minni svæði með sína sérstöðu og sérkenni. Skipta má landshlutanum í þrjú meginhéruð með tilliti til ferðaþjónustu; Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali ásamt Reykhólasveit.

Menning og saga

Í Borgarfirði er nú lögð mikil áhersla á menningar- og sögutengda ferðaþjónustu með áherslu á Reykholt. Hið sama á við um Eiríksstaði í Haukadál.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er mikið framtíðarland í ferðaþjónustu þar sem saman fara náttúrufergurð, dulúð og kynngimagnaðir kraftar. Vinna þarf markvisst að uppbyggingu þar.

Tillögur

Sögustaðurinn Reykholt

➤ Efla sögu- og menningartengda ferðaþjónustu í Borgarfirði með áherslu á sögustaðinn Reykholt.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökuli

➤ Efla Þjóðgarðinn Snæfellsjökull með bættu skipulagi og aðgengi að Snæfellsjökli þar sem náttúran, sagan og dulúðin mynda órofa heild.

Lífriki Breiðafjarðar

➤ Markaðssetja náttúrutengda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi með áherslu á Snæfellsjökul og lífríki Breiðafjarðar.

Dalir og landafundir

➤ Efla sögu- og menningartengda ferðaþjónustu í Dölum með áherslu á Eiríksstaði og landafundi í Vesturheimi.

Egilssetur

➤ Styrkja gerð viðskiptaáætlunar fyrir Egilssetur í Borgarnesi.

Taka skal fram að þó þessi verkefni séu nefnd sem höfuðatriði er að sjálfsgöðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á Vesturlandi og eru þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustu.

7. VESTFIRÐIR

<i>Skoðanakönnun</i>	<p>Sumarið 2001 gengust Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Ferðamála-samtök Vestfjarða fyrir skoðanakönnun meðal ferðamanna á svæðinu með stuðningi Samgönguráðuneytisins, þar sem spurt var um ýmislegt sem að ferðaþjónustu lýtur. Það sem ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum finnst áberandi eftirsóknarverðast á Vestfjörðum er landslagið og náttúran.</p>
<i>Kyrrðin og friðsældin</i>	<p>Til viðbótar fjöllum og fjörðum sem bæði Íslendingar og útlendingar telja upp, nefna útendingar vatn, sjó og fossa sem eru hugtök sem ekki komast á blað hjá Íslendingum. Annað sem nefnt er, einkum meðal útlendinga er kyrrðin, friðsældin og fámennið og tilfinningin að vera einn með sjálfum sér og upplifa eitthvað ósnortið. Einnig gott viðmót heimafólks. Sá einstaki staður sem oftast var nefndur er Látrabjarg en Hornstrandir eru efst í huga Íslendinga.</p>
<i>Flestir á eigin vegum</i>	<p>Tilgangur ferðar var í yfirgnæfandi tilvika frí og flestir ferðuðust á eigin vegum, Íslendingar á einkabíl en útlendingar á rútum eða bílaleigubíl. Algengasta afþreying er gönguferðir, sund og bátsferðir en gönguferðir eru í sérstöku uppáhaldi hjá erlendum ferðamönnum.</p>
<i>Náttúran eftirsóknarverðust</i>	<p>Bæklingar og handbækur er það kynningarefni sem flestir ferðamenn hafa nýtt sér til að fá upplýsingar um Vestfirði áður en lagt var af stað. Netíð gegnir vaxandi hlutverki og tæp 40% erlendu ferðamannanna sögðust þar hafa aflað sér upplýsinga um Vestfirði. Þar er hins vegar ekki mikið efni að finna á erlendum tungumálum og úr því þarf að bæta.</p> <p>Svarið við þeirri spurningu hvað sé eftirsóknarverðast fyrir ferðamenn á Vestfjörðum er náttúran í sinni víðustu mynd en könnunin sýnir að um 60% Íslendinganna fóru á eitt eða fleiri söfn og um 45% erlendu ferðamannanna gerðu slíkt hið sama.</p>
<i>Vogskorið og fjöllótt</i>	<p>Náttúran</p> <p>Vestfjarðakjálkinn er stærsti skagi landsins og nær yfir Barðastrandar-sýslu, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Strendur eru vogskornar og undirlendi er yfirleitt lítið, enda er þessi landshluti að mestu 400-700 metra há háslétta sem er sundurskorin af djúpum fjörðum. Fjalllendið er þó fjölbreytilegt og nefna má skagann milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem er ólíkur öðrum fjöllum á svæðinu. Þar er mikið líparít og fjöllin toppótt enda stundum nefnd vestfirsku alparnir.</p>
<i>Látrabjarg</i>	<p>Syðst á skaganum er Látrabjarg, 14 km á lengd og 444 metrar yfir sjó þar sem það er hæst. Það endar í Bjargtöngum, vestasta odda Evrópu. Bjargið er talið eitt mesta fuglabjarg við Atlantshaf. Þar verpir yfir ein milljón sjófugla og m.a. er þar mesta álkubyggð á jörðinni. Breiðafjörður er einnig mikil fuglaparadís og þar teljast um 600 eyjar til Vestfjarða.</p>
<i>Ísafjarðardjúp</i>	<p>Í Ísafjarðardjúpi er hver fjörðurinn við annan eins og þeir þekkja sem þar hafa ekið eða siglt um. Í Djúpinu eru eyjarnar Æðey og Vigur, annálaðar hlunnindajarðir sem báðar eru í byggð. Norðan Ísafjarðardjúps er Drangajökull. Hann er um 200 ferkílómetrar og nær hæst í 925 m.y.s.</p>
<i>Æðey og Vigur</i>	

Hornstrandir

Tilkomumikil fjöll rísa úr sæ nyrst á svæðinu og þar má nefna Hælavíkurbjarg og Hornbjarg. Kálfatindar í Hornbjargi eru hæstir, 534 metrar. Hornstrandir, en það er svæðið frá Hornbjargi að Geirólfsgrúpi er fjölskrúðugt friðland sem nýtur vaxandi vinsælda ferðafólks. Á Ströndum eru víðast sæbrött fjöll. Firðir eru flestir stuttir en stærstir þeirra eru Steingrímsfjörður og Reykjarfjörður.

Náttúran áhugaverð

Náttúra Vestfjarða er áhugaverð sem heild en einstakir staðir hafa sérstakt aðdráttarafl. Þar má fyrst nefna Látrabjarg og Rauðasand. Einnig fossinn Dynjanda í Arnarfirði. Á Hornströndum mætti vitna í kvæðið Áfanga eftir Jón Helgason þar sem segir: *Kögur og Horn og Heljarvík / huga minn seiða löngum.*

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 830 rúm

Á Vestfjörðum eru um 360 herbergi með um 830 rúmum til afnota í ferðapjónustu. Á Suðurfjörðum og Barðaströnd eru um 90 herbergi með um 200 rúmum og á norðursvæðinu eru um 200 herbergi með um 470 rúmum. Á Ströndum eru um 70 herbergi með um 160 rúmum. Þetta eru nokkru hærri tölur en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, sem stafar af mismunandi skilgreiningu gistirýmis. Hagstofan reiknar ársnýtingu gistirýmis 25% samkvæmt tölum frá hótélum og gistiheimilum.

Skortur á suðursvæðinu

Af viðtölum við marga ferðapjónustuaðila má ráða að skortur sé á góðri gistiaðstöðu, einkum á suðursvæðinu og það stendi í vegi fyrir framþróun á Vestfjörðum. Vegalengdir eru miklar og dagsferðir frá höfuðborgarsvæðinu ganga ekki upp nema með stórbættum flugsamgöngum sem fátt bendir til að verði fyrir hendi. Vandinn er hinsvegar sá að litlar líkur eru á að bygging hótels gæti borið sig og fórnarkostnaði við uppbyggingu á þessum þætti grunnþjónustunnar er ekki hægt að vísa á neinn. Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að grípa til sérstakra aðgerða til að auka framboð á gistingu með því að byggja nýtt hótél á Suðurfjörðum eða Barðaströnd, enda mundi það hafa jákvæð áhrif á þróun ferðapjónustunnar um alla Vestfirði.

Sértæk aðgerð

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru mörg en afar misjöfn að gæðum, allt frá því að vera ágæt til þess að vera nánast nafnið tomt. Veitingastaðir eru á flestum þéttbýlisstöðum og á Vestfjörðum er einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð er til staðar og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Hrafna-Flóki

Sagan er víða tengd Vestfjörðum. *Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiðafjörð og tóku þar land sem heitir Vatnsfjörður við Barðaströnd* segir í Landnámabók. Eitt af því fyrsta sem börn læra í sögu er að Hrafna-Flóki hafði hér vetursetu og gaf landinu nafnið Ísland.

Slóðir Gísla Súrssonar

Hrafnseyri

Slóðir Gísla Súrssonar liggja um Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu og út um eyjar. Eyri (Hrafnseyri) er þekktur sögustaður allt frá dögum Hrafns Sveinbjarnarsonar á seinni hluta 12. aldar til 1213 er hann var tekinn af lífi. Síðar tengdist staðurinn Jóni Sigurðssyni sem fæddist þar 1811.

Galdramál á Ströndum Galdramál eru mjög tengd Vestfjörðum og á Ströndum eru þeim nú gerð góð og verðug skil með sýningu á Hólmavík.

Ýmis dægradvöl Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósleðaferðir, sjóstangveiði, og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa). Kajakróður er vaxandi dægradvöl og boðið er upp á bæði stuttar og langar ferðir.

Nokkur söfn Nokkur söfn, merkar minjar og sýningar eru á svæðinu m.a. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti, Melódiur minninganna á Bildudal, Safn í minningu Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, alþjóðlegt brúðusafn á Flateyri, Sjóminjasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði en þar er jafnframt elsta hús á Íslandi, Tjöruhúsið byggt árið 1734, Náttúrugripasafnið í Bolungarvík og Ósvör sem er endurgerð sjóbúð sem minnir á tíma árabátaútgerðar. Einnig Sauðfjársetur á Ströndum og Galdrasýning á Hólmavík.

Möguleikar

Fjölbreyttar gönguleiðir Á Vestfjörðum eru margir möguleikar sem nýta má betur. Áberandi er samkvæmt áður nefndri könnun hvað landslagið og náttúran eru ferðamönnum hugleikin. Á svæðinu eru nær ótæmandi möguleikar á gönguleiðum þar sem hægt er að njóta friðsældar í stórbrotnu umhverfi fjarri skarkala heimsins en þó í nálægð við þá þjónustu sem á þarf að halda.

Hornstrandir sérstakar Í hugum margra eru Hornstrandir sér á parti hvað þetta varðar og svo er vissulega að ýmsu leyti en hinu má ekki gleyma að merktar hafa verið aðgengilegar gönguleiðir nærri þéttbýlisstöðum og áform eru um að halda þeirri vinnu áfram, enda af miklu að taka.

Látrabjarg við vestasta odda Evrópu Á Suðurfjörðum stendur Látrabjarg upp úr sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar þarf að bæta aðgengi og búa til nýja möguleika með samgöngubótum. Á Bjargtöngum er vestasti oddi Evrópu og á þessu svæði má spyrða saman í skemmtilega heild ævintýraferð sem innifelur vottorð um komu þangað ásamt för á Látrabjarg og til viðbótar nasasjón af sérstakri menningu svo sem safnið á Hnjóti ber vott um.

Menning sjávarbyggða Af framansögðu er ljóst að náttúrutengd ferðaþjónusta skiptir mestu máli og möguleikarnir felast í að halda áfram umbótum á því sviði með góðum upplýsingum, merkingum á stöðum og gönguleiðum, bættum vegum og nýlagningu vega. Þetta má tengja menningu sjávarbyggða og sögu einstakra staða. Dæmi um það er Gísla saga Súrssonar og unnið hefur verið að merkingum gönguleiða og sögustaða í verkefni sem kallast *Sagnareki á Vestfjörðum*.

Samantekt

Ákveðin heildarímynd Af samtölum við ýmsa þá sem vinna að framgangi ferðaþjónustu á Vestfjörðum má ráða að Vestfirðir sem heild hafa ákveðna ímynd og hún laðar fólk á svæðið. Hins vegar kom greinilega fram að vegna vegalengda og ýmissa annarra þátta má skilgreina fjögur svæði innan landshlutans sem hvert um sig hefur sína sérstöðu. Það eru Suðurfirðir og Barðaströnd, í öðru lagi Norðurfirðir og Djúp, í þriðja lagi Hornstrandir og í fjórða lagi Strandir.

<i>Hornstrandir paradís göngugarpa</i>	Hornstrandir hafa sérstöðu sem ævintýraheimur fyrir göngufólk enda engar vegasamgöngur þar. Þjónusta við þá sem þangað sækja, á eigin vegum eða í skipulögðum hópum, getur bæði verið frá Ströndum og frá byggðum við Djúp
<i>Þjónusta á Ísafirði</i>	Ísafjarðarbær gefur norðursvæði Vestfjarða mesta þyngd, enda er staðurinn miðstöð samgangna og stjórnsýslu á Vestfjörðum og þar er boðið um á fjölbætta þjónustu. M.a. þess vegna eru þar möguleikar á ferðaþjónustu allt árið.
<i>Íþróttir og menning</i>	Gott skíðasvæði er þekkt og þangað sækir fjöldi aðkomumanna á hverjum vetri. Verið er að byggja upp menningarmiðstöð og margt er hægt að heyra, sjá og reyna í fjölbreyttri dagskrá allan ársins hring í mörgum listgreinum og menningu sem er samofin strandlífi Íslendinga og nýtingu þess sem náttúran gefur af sér.
<i>Galdrar á Ströndum</i>	Á Ströndum hefur tekist að byggja upp ferðamennsku tengda viðburðum með áherslu á kynngimagnaða náttúru í bland við galdra og kröftugt fólk. Galdrasafnið á Hólmavík er gott dæmi um það.
<i>Látrabjarg vestast í Evrópu</i>	Engum vafa er undirorpið að Látrabjarg og nágrenni þess býður upp á mikla möguleika. Með því að bæta núverandi vegi og leggja nýjan til að tengja saman Rauðasand og bjargið verður til áhugaverð hringleið sem líklegt er að mundi njóta mikilla vinsælda.
	Tillögur
<i>Uppbygging á Suðurfjörðum</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Gera áætlun um framkvæmdir tengdar Látrabjargi með bættem samgöngum og uppbyggingu á nauðsynlegri aðstöðu. ➤ Skoða möguleika á sértækum aðgerðum til að byggja meira gistirými á Suðurfjörðum.
<i>Vegagerð</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Bæta aðgengi að Látrabjargi og Rauðasandi með vegabótum sem m.a. ná að vestasta tanga Evrópu.
<i>Aðstaða við Dynjanda</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Bæta aðstöðu við Dynjanda, þ.e. bílastæði, tjaldstæði og snyrtingar.
<i>Sjávarbyggðir og strandmenning</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skilgreina verkefni sem tengist sjávarbyggðum á Vestfjörðum, auðlindum hafsins og strandmenningu þjóðarinnar og gera áætlun um framkvæmdir í ljósi þess.
<i>Saga Gísla Súrssonar</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Hrinda af stað verkefni um Gísla sögu Súrssonar með gerð viðskiptaáætlunar.
<i>Gönguleiðir og Sagnareki</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Halda áfram átaki í merkingu gönguleiða á Vestfjörðum og kynna áhugaverða staði, sbr. verkefnið <i>Sagnareka</i>.
<i>Menningin, þjóðtrúin og galdrar</i>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Efla menningartengda ferðaþjónustu með átaki í markaðssetningu sem tengist sjávarbyggðum, stórbrotnu landslagi og hrikalegri náttúru í bland við galdratrú, galdrabrennur og sérstakt mannlíf.

Rétt er að taka fram að þó þessi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

8. NORÐURLAND

<i>Einn fjórðungur</i>	Hér er tekinn sá kostur að skilgreina Norðurland sem eina heild, en jafnframt er ljóst að munur er afar mikill milli héraða og svæða, allt frá því að vera með eftirsóttustu og fjölförnustu ferðamannastöðum á landsbyggðinni, eins og Mývatnssveit er dæmi um, í það að vera meðal þeirra fáförnustu á Langanesi. Þrátt fyrir þetta eru ákveðin atriði sem ýta undir þá ímynd að í hinum gamla Norðlendingafjórðungi eigi menn það margt sameiginlegt frá fornu fari að líta megi á hann sem eitt ferðaþjónustusvæði hvað tiltekna þætti varðar.
<i>Akureyri hefur sérstöðu</i>	Segja má að Akureyri hafi samsvarandi sérstöðu á Norðurlandi eins og Reykjavík hefur á Suðvesturlandi. Flugsamgöngur við Akureyri eru góðar, svo af ber öðrum stöðum á landsbyggðinni og vegna stærðar staðarins er þjónusta og afþreying mikil og fjölbreytt. Þetta gerir það að verkum að mikill fjöldi fólks kemur til Akureyrar en ástæðurnar eru einnig þær að í nágrenninu er margt sem dregur ferðamenn til sín, bæði það sem náttúran hefur upp á að bjóða og það sem gert er af manna höndum.
<i>Góðar samgöngur</i>	
<i>Sterk baklönd</i>	
<i>Vaxandi dægradvöl</i>	Í auknum mæli koma ferðamenn til Akureyrar og gista þar en fara dagsferðir bæði til austurs og vesturs. Þá er í flestum tilvikum verið að skoða eitthvað sem náttúran hefur upp á að bjóða en í auknum mæli afþreyingu sem smám saman hefur verið að aukast, bæði að fjölbreytni og gæðum. Gott dæmi um það eru hvalaskoðunarferðir frá Húsavík.
<i>“Gert út” frá Akureyri</i>	Þekkt er að ferðamenn sem koma til Akureyrar og dvelja þar um lengri eða skemmri tíma sækja mun meira austur í Þingeyjarsýslur en vestur yfir Tröllaskaga. Þó er mikil aukning á ferðum í Skagafjörð, t.d. vegna uppbyggingar á Hofsósi og viðburða sem tengjast hestamennsku. Landsmót hestamanna á Vindheimamelum er nýjasta dæmið um það.
<i>Mikil umferð</i>	Húnavatnssýslur eru nokkuð sér á parti. Umferð þar í gegn er gríðarleg. Í ljósi þess að umferðin tengist heimsókn til Norðurlands eru ákveðin rök fyrir því að telja Húnavatnssýslur til þess.
<i>Fáfarnar slóðir</i>	Svæðið austan Jökulsár á Fjöllum er einnig sér á parti. Þar er mikið strjálbýli, vegalengdir miklar en umferð lítil. Það gefur ákveðna sérstöðu sem líklegt er að eigi eftir að verða eftirsóknarverðari í framtíðinni.
<i>Ein heild en fjögur innri svæði</i>	Hins vegar er alveg ljóst að þó Norðurland sé tiltekin heild í hugum margra þá eru þar innri markaðssvæði, bæði vegna mikilla vegalengda og þess sem svæðin hafa upp á að bjóða. Hér verður nú fjallað um hvert þeirra fyrir sig og þau eru höfð fjögur þó að sjálfsögðu megi færa rök fyrir því að skiptingin gæti verið með öðrum hætti. Þessi svæði eru Húnavatnssýslur, í öðru lagi Skagafjarðarsýsla og Siglufjörður, í þriðja lagi Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur austur að Jökulsá á Fjöllum og í fjórða lagi norðausturhorn landsins, þ.e. frá Öxarfirði til Langaness.

8.1. Húnaþing

Stefnumótun

Nokkuð hefur verið unnið að stefnumótun í ferðamálum í Húnavatnssýslum enda hafa verið ferðamálafulltrúar þar og svo er enn. Í vestur sýslunni hefur áhersla verið lögð á verkefnið *Grettistak* eins og nánar verður vikið að síðar. Í austur sýslunni hefur m.a. verið unnið að merkingu gönguleiða. Þar er talið að vinna þurfi mun meira að stefnumótun og það sem helst er talið vanta er fjármagn, heildarstefna og samvinna.

Náttúran

Vestur-Húnavatnssýsla liggur upp frá Húnaflóa en inn af honum ganga firðirnir Hrútafjörður, Miðfjörður og Húnaafjörður. Milli Hrútafjarðar og Miðfjarðar er Heggstaðanes, en Vatnsnes milli Miðfjarðar og Hrútafjarðar. Upp af Húnafirði eru Vesturhóp og Víðidalur.

Grösugir dalir

Víðáttumikil heiðalönd

Sýslumörk milli Húnavatnssýslna eru við Gljúfurá en eystri mörk Austur-Húnavatnssýslu eru frá Skagatá um Vatnsskarð og á vatnaskilum inn að Hofsjökli. Inn af Húnaflóa er allmikið láglendi en upp af því ganga nokkrir dalir. Vestast er Vatnsdalur, þá Svínadalur og Langidalur en í framhaldi af honum er Blöndudalur. Austast eru Laxárdalur og Svartárdalur. Sunnan dalanna taka við víðáttumikil heiðalönd allt inn til jökla. Gróður er víða mikill, einkum graslendi og mýrar.

Vötn og laxveiðiár

Meðfram ströndinni eru nokkur stór vötn, t.d. Hópið og Húnavatn. Ár eru margar og Blanda er þeirra mest en þekktar eru einnig Laxá á Ásum og Svartá. Lax er í þeim öllum. Hið sama á við um Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Víðidalsá og Vatnsdalsá.

Hvítserkur

Kolugljúfur

Kattarauga

Ýmislegt áhugavert er að finna í náttúru landshlutans. Í Hindisvík á Vatnsnesi er fjölbreytilegt strandlandslag og fagurt útsýni til Stranda. Þar er eitt mesta sellátur á Norðurlandi. Við vestanverðan botn Húnaafjarðar er Hvítserkur, brimsorfinn berggangur úr blágrýti um 15 metrar á hæð. Borgarvirki er ein af merkustu fornminjum landsins og er á milli Vesturhóps og Víðidals. Borgin er úr 10 til 15 metra háu stuðlabergi og ofan í hana er kringlótt dæld. Kolugljúfur í Víðidalsá eru tilkomumikil þar sem Kolufossar falla í þau. Vatnsdalshólar er sérstök hólabyrping í mynni Vatnsdals en þar fór fram síðasta aftaka á Íslandi 1830. Kattarauga er hylur í Kornsa sem er friðlýst náttúruvætti en í honum eru tvær fljótanda smáeyjar.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 460 rúm

Ýmsir möguleikar eru á gistingu í Húnaþingi. Þar eru um 200 herbergi með um 460 rúmum. Framboð gistingar er töluvert í héraðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda.

Bæta þarf nýtingu

Almennt má segja að næga gistingu sé að hafa í Húnaþingi. Hins vegar er nýtingin á hótélum og gistiheimilum lítil á ársgrunni á Norðurlandi vestra, 28% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 og það veldur þekktum vanda. Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Því er ekki mælt með sértækum aðgerðum.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru á nokkrum stöðum, t.d. á Blönduósi þar sem mikið hefur verið lagt í góðan frágang og þjónustu í ágætu skjóli á Blöndubökum. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Byggðasafn í Reykjaskóla

Grettir fæddist á Bjargi

Fyrsta klaustrið

Heimilisiðnaðarsafn

Kántrýbær

Nú er unnið markvisst að uppbyggingu afþreyingar í Húnaþingi til að fá ferðalanga til að staldra við, en á það hefur skort. Byggðasafn sýslunnar er að Reykjum í Hrutafirði. Hugmyndir eru um að gera mikið úr Grettissögu en Grettir fæddist á Bjargi í Miðfirði, sennilega árið 996 og þar ólst hann upp. Fyrsti kristniboðinn á Íslandi, Þorvaldur víðförli var frá Stóru-Giljá. Minnisvarði um 1000 ár frá upphafi kristniboðs stendur hjá Gullsteini norðan Þjóðveggar á þessum slóðum. Frá Þingeyrum er útsýni mikið yfir héraðið. Þar var fyrsta munkaklaustur á Íslandi stofnað árið 1133 og stóð allt til siðaskipta 1550. Þar stendur nú kirkja úr höggnu grjóti byggð á árunum 1864-1877. Á Blönduósi er heimilisiðnaðarsafn sem er hið eina sinnar tegundar á landinu. Ekki má gleyma Kántrýbæ á Skagaströnd sem dregur að sér mikinn fjölda fólks á hverju ári. Þar er kúrekasafn norðursins.

Ýmis dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem handverkshús (gallerí), golf, gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, hvala- og selaskoðun, sellátur, reiðhjólaleiga, sundlaugar, jeppa- og snjósleðaferðir, sjóstangveiði, og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa).

Möguleikar

Griðarleg umferð

Göngur og réttir

Í Húnaþingi eru nokkrir möguleikar á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Á ýmsum sviðum er atvinnugreinin skemmra á veg komin á þessu svæði en víða annars staðar. Griðarleg umferð er um Húnavatnssýslur en heimamönnum hefur ekki tekist sem skyldi að nýta sér það og fá ferðamenn til að staldra við og dvelja í héraðinu. Þarna er að miklu leyti óplægður akur sem nú er unnið markvisst við að skilgreina og koma á fót dægradvöl sem dregur að sér fólk. Eitt af því sem unnið hefur verið að og nýtur vaxandi vinsælda er þátttaka í göngum og réttum, bæði fjárréttum og stóðréttum. Líklegt er að auka megi ferðamennsku verulega á þessu sviði.

Áhersla á Grettissögu

Í Vestur-Húnavatnssýslu er nú lögð mikil áhersla á menningar- og sögutengda ferðaþjónustu með áherslu á Grettissögu. Nú hefur verið skilgreint sérstakt verkefni, Grettistak og gerð um það áætlun. Að mati heimamanna er vaxtarbroddur í menningunni, sem þarf að skilgreina betur og gera þannig úr garði að ferðafólki finnist ástæða til að staldra við og skoða í leiðinni ýmislegt sem héraðið hefur upp á að bjóða. Samvinna við Austur-Húnvetninga og Skagfirðinga er mikilvæg í þessu tilliti, enda er Drangey hluti af sögu Grettis og þar að auki er Drangeyjarferð mjög sérstök upplifun fyrir náttúruunnendur.

Viðburðaferðamennska

Kántrýhátíð

Í Austur-Húnavatnssýslu er megináhersla lögð á einstaka viðburði og þannig reynt að fá gesti í héraðið. Gott dæmi um þetta er Kántrýhátíðin á Skagaströnd sem hefur verið mjög fjölmenn undanfarin ár og er orðin árviss viðburður sem hefur mikið auglýsingagildi og þýðingu við að kynna

það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Einnig hefur verið gert átak í merkingu gönguleiða og gerð korta. Mikilvægt er að gefa þau út á ensku og þýsku. Ferðir frá Blönduósi á bát yfir Húnaflóa til Reykjavíjar hafa verið ræddar en sá ferðamáti kann að henta mörgum sem ætla á Hornstrandir.

Samantekt

Mismunandi sjónarmið

Fram kom á fundum með fólki sem vinnur við ferðaþjónustu að svæðisskipting veltur mjög á út frá hvaða hagsmunum málin eru skoðuð. Sumir líta á Norðurland allt sem eitt markaðssvæði sem síðan megi skipta í minni svæði út frá sýslumörkum. Aðrir telja sameiginlega hagsmuni bundna við mikið minni svæði, jafnvel einstaka staði eða sveitarfélög.

Allt að vinna

Af samtölum við þá sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að þar er lítið til Húnaþings þeim augum að þangað sé ekki mikið að sækja, hvorki á náttúru- né menningartengdri ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að heimamenn taki mið af þessu og skapi sér sérstöðu og ímynd sem lagt verði kapp á að kynna. Þar gegnir öflug markaðssetning og vel fram settar upplýsingar mestu máli og samvinna þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Tillögur

Grettistak

➤ Gera Grettistak að veruleika með stuðningi við það verkefni.

Kántrýgarður

➤ Gera viðskiptaáætlun fyrir *Kántrýgarð* á Skagaströnd.

Merkingar

➤ Skilgreina og merkja reiðleiðir og gönguleiðir í samvinnu við Skagfirðinga.

Veðiþaradís

➤ Markaðssetja Skagann sem veðiþaradís fjölskyldunnar í samvinnu við Skagfirðinga.

Rétt er að taka fram að þó eftirfarandi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Húnaþingi.

8.2. Skagafjörður og Siglufjörður

Stefnumótun

Árið 1996 var gefin út *Stefnumótun í ferðaþjónustu – Skagafjörður & Siglufjörður*. Þar segir m.a. í inngangi:

Í skýrslunni er fjallað um Skagafjörð og Siglufjörð, sem eru að mörgu leyti afar ólík svæði. Með tilliti til samgangna verður þó vart skilið þar á milli hvað varðar ferðaþjónustu.

Norðurland vestra er að mörgu leyti í lykilaðstöðu til að byggja upp þjónustu við ferðamenn, vegna staðsetningar á milli tveggja mikilla ferðamannasvæða, Borgarfjarðar og Norðurlands eystra. Gegnumstreymi ferðamanna er sennilega óvíða meira, en lengri viðdvöl er almennt lítil.

Gegnumumferð

Þarna er vikið að hinu sama og í Húnavatnssýslum að þrátt fyrir mikla gegnumumferð ferðamanna dvelji þeir lítið í héraðinu og þar af leiðandi séu tekjur af þeim minni en gæti verið. Bent er á að skortur á frambærilegri og eftirsóknarverðri afþreyingu sé eitt af stærstu vandamálunum í íslenskrri ferðaþjónustu og það eigi sérstaklega við um landsbyggðina.

Skortur á afþreyingu

Ólík ímynd

Í skýrslunni er vakin athygli á að ímynd Skagafjarðar og Siglufjarðar hljóti að vera næsta ólík vegna þess eðlismunar sem er á byggðarlögunum. Ímynd Siglufjarðar byggist að miklu leyti á sögu bæjarins sem síldarverstöðvar en Skagafjörður tengist í huga fólk fyrst og fremst sögunni, Hólum í Hjaltadal og nú hin síðari ár einnig Hofsósi. Þessu til viðbótar séu Skagfirðingar miklir hestamenn og áhugi sé mikill á söng og tónlist.

Náttúran

Kunnugleg kennileiti

Drangey

Mælifellshnjúkur

Tindastóll

Skagafjarðarsýsla liggur umhverfis og upp frá Skagafirði. Að vestan markast fjörðurinn af Skagaheiði, Laxárdalsfjöllum og Haukagilsheiði en austan héraðsins gnæfir Tröllaskagi en svo er hálendið nefnt milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Kunnustu eyjar á Skagafirði eru Drangey og Málmey. Fjörðurinn greinist í nokkra dali þegar kemur inn til landsins og helstir þeirra eru Svartárdalur, Vesturdalur, Austurdalur og Norðurárdalur. Upp af þeim taka við heiðalönd. Meginvatnsfall Skagafjarðar er Héraðsvötn. Frá miðjum Skagafirði er Glóðafeykir í austri, Mælifellshnjúkur gnæfir til himins í suðri en Tindastóll er norðvestan Sauðárkróks, svo nefnd séu nokkur þekkt fjöll.

Strákagöng

Á leið til Siglufjarðar er ekið um Strákagöng sem gerð voru árið 1967 í gegnum fjallið Stráka og eru fyrstu jarðgöngin á Íslandi fyrir umferð bifreiða. Áður var farið um Siglufjarðarskarð sem er hrikalegur fjallvegur milli Fljóta og Siglufjarðar.

Ýmislegt áhugavert er að finna í náttúru Skagafjarðar. Á austanverðum Skaga eru Ketubjörg, þverhnipt sjávarbjörg, forn eldstöð sem sjórinn hefur sorfið inn að gígfyllingu og gefur góða mynd af innviðum eldstöðva. Eitt kunnasta kennileiti fjarðarins er Drangey, tæplega 200 metra há klettaeyja sem aðeins er kleif á einum stað. Þórðarhöfði við austanverðan fjörðinn setur einnig mikinn svip á umhverfið.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 410 rúm

Ýmsir möguleikar eru á gistingu í Skagafirði. Þar eru um 190 herbergi með um 410 rúmum. Framboð gistingar er töluvert í héraðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda.

Bæta þarf nýtingu

Nokkuð vantar á að vel sé séð fyrir framboði á gistingu í Skagafirði. Hins vegar er nýtingin á hótélum og gistiheimilum lítil á ársgrunni á Norðurlandi vestra, 28% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 og það veldur mörgum erfiðleikum. Á háðönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru á nokkrum stöðum, t.d. á Bakkaflöt, Varmahlíð, Sauðárkróki, Hólum og Siglufirði. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

<i>Þekktar söguslóðir</i>	Sagan liggur við hvert fótímal í Skagafirði. Einn kunnasti sögustaður Norðurlands er Hólar í Hjaltadal, en þar var biskupssetur frá 1106 til 1801. Nú situr vígslubiskup staðinn. Þar eru merkar byggingar m.a. núverandi dómkirkja, vígð 1763 og friðaður torfbær sem var byggður árið 1854 þannig að af miklu er að taka bæði í geistlegu og veraldlegu tilliti. Grettir Ásmundarson endaði sitt líf í Drangey og fjölmennasti bardagi Íslands-sögunnar fór fram á Örlygsstöðum 1238 þar sem margt stórmenna féll. Utar í Blönduhlíð undir rótum fjallsins Glóðafeykis stendur bærinn Flugumýri og þar átti sér stað einn niðingslegasti atburður Sturlungaaldar þegar kveikt var í húsum og á þriðja tug manna brenndur þar inni haustið 1251. Höfuðból Ásbirninga var að Víðimýri þar sem er falleg kirkja frá 1834 og talin einn fegursti minjagripur gamallar íslenskrar byggingarlistar.
<i>Hólar í Hjaltadal</i>	
<i>Örlygsstaðabardagi</i>	
<i>Flugumýrabrenna</i>	
<i>Nokkur söfn</i>	Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ, Safnahúsið á Sauðárkróki og Síldarminjasafnið í Rolandsbrakka og Stofa séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Síðast en ekki síst hefur átt sér stað afar sérstök uppbygging á Hofsósi sem hófst með endurbyggingu þakkhúss konungsverslunarinnar sem byggt var 1777. Þar hefur einnig verið byggt Vesturfarasetur og Frændgarður sem ætlaður er sem dvalarstaður fræðimanna með sérstakri skírskotun til fólks af íslenskum ættum í Vesturheimi.
<i>Byggðasafnið í Glaumbæ</i>	
<i>Vesturfarasetur</i>	
<i>Ýmis dægradvöl</i>	Til viðbótar sögutengdu efni má finna ýmsa afþreyingu svo sem handverkshús (gallerí), golf, gönguferðir með leiðsögn, flúðasiglingar, hestaferðir og hestaleigu. Einnig má stunda fjölbreytta veiðimennsku (silungur, lax, gæs, rjúpa). Drangeyjarferðir og fljótasiglingar er meðal þess sem er sérstakt fyrir héraðið.
	Möguleikar
<i>Drangeyjarferðir</i>	Skagfirðingar hafa mikla möguleika á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Héraðið á sér magnaða sögu og þar má finna margt sem skapar Skagafirði sérstöðu. Í Drangey tengist náttúran og sagan með sérstökum hætti og einnig er Hólastaður þekktur. Afþreying hefur verið byggð upp á ýmsum sviðum og má þar nefna fljótasiglingar og hestamennsku sem margir tengja við Skagafjörð. Á Vindheimamelum eru með nokkurra ára millibili haldin landsmót hestamanna sem laða til sín mikinn fjölda gesta, bæði innlendra og erlendra.
<i>Fljótasiglingar</i>	
<i>Mikið hestasvæði</i>	Í stefnumótunarskýrslunni er nefnt sem möguleiki að markaðssetja Skagafjörð sem sérstakt hestasvæði með því að leggja meiri áherslu á skipulagðar hestaferðir og stóðréttir og annað sem fylgir hestamennsku og það virðist vel við hæfi.
<i>Byggðasafnið í Glaumbæ</i>	Byggðasafnið í Glaumbæ hefur mikið aðdráttarafl og mikla sérstöðu meðal byggðasafnanna hvað fjölda heimsókna snertir. Vesturfarasetrið á Hofsósi byggir á vel útfærðri hugmynd og þar hafa verið gerðar markvissar áætlanir sem ætla má að eigi eftir að efla ferðaþjónustu á svæðinu. Vægi Hóla í ferðaþjónustu hefur aukist og aðstæður á staðnum gefa mikla möguleika.
<i>Vesturfarasetrið Hofsósi</i>	
<i>Hólar í Hjaltadal</i>	

Síldarævintýrið Siglufirði

Siglufirðingar hafa lagt megináherslu á einstaka viðburði og þannig reynt að fá gesti á staðinn. Gott dæmi um þetta er Síldarævintýrið sem hefur verið árviss og fjölmenn samkoma undanfarin ár. Það á að baki sér tiltekna sögu sem fræðast má um í Síldarminjasafninu í Rolandsbrakka. Því til viðbótar hefur verið unnið markvisst að því að tengja staðinn þjóðlögum með Þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar.

Samantekt

Misjöfn sjónarmið

Af samtölum við heimamenn í Skagafirði má ráða að svæðisskipting veltur mjög á því frá hvaða sjónarhorni og hagsmunum málin eru skoðuð. Á ýmsum sviðum horfa menn á Norðurland vestra sem eina heild. Innan hennar eru þó sérstök svæði og margir telja raunhæfast og árangursríkast að markaðssetja Skagafjörð einan og sér eða í samvinnu við Eyfirðinga þar sem menn sameinist um ýmsar Tröllaskagaleiðir. Aðrir telja sameiginlega hagsmuni bundna við mikið minni svæði, jafnvel einstaka staði eða sveitarfélög eins og Siglufjörð.

Tröllaskagaleiðir

Ný hringleið

Af samtölum við þá sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að litið er til Skagafjarðar sem vænlegs vaxtarsvæðis og með göngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar mundu opnast möguleikar á nýjum hringleiðum og nýjum tækifærum.

Bæta þarf merkingar

Á það er bent í nefndri stefnumótunarskýrslu fyrir Skagafjörð og Siglufjörð að eitt af því helsta sem útlendir ferðamenn sækjast eftir á Íslandi eru gönguleiðir. Vandamálið er ekki skortur á gönguleiðum heldur það að þær eru ómerktar og fáum kunnar. Unnið hefur verið að kortagerð og þau gefin út. Því verki verður haldið áfram og einnig verður unnið að betri merkingum á athyglisverðum stöðum.

Hólar og Hofsós

Hólar og Hofsós eru tvímælalaust staðir sem gegna vaxandi hlutverki í ferðaþjónustu og á báðum stöðum eru miklir möguleikar sem auka má samvinnu um.

Tillögur

Vesturfarasetrið

➤ Efla Vesturfarasetrið á Hofsósi og þá starfsemi sem því tengist.

Hólar

➤ Gera viðskiptaáætlun fyrir Hólastað á sviði ferðaþjónustu.

Gönguleiðir

➤ Skilgreina og merkja reiðleiðir og gönguleiðir í Skagafirði og tengsl við Húnvetninga.

Veiðisvæði

➤ Markaðssetja Skagann sem veiðiparadís fjölskyldunnar í samvinnu við Húnvetninga.

Rétt er að taka fram að þó eftirfarandi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði.

8.3. Eyjafjörður

Stefnumótun Árið 1990 var skipaður starfshópur um ferðamál. Afrakstur vinnu hópsins er til í skýrslu: *Akureyri-Eyjafjörður. Stefnumótun í ferðamálum*. Þar er lögð áhersla á ýmis mál sem nú hafa komist í framkvæmd en önnur bíða síns tíma og eru enn á dagskrá. Dæmi um áhersluatriði sem framkvæmd hafa verið er nýtt tjaldsvæði, endurbygging sundlaugar og framkvæmdir í Hlíðarfjalli. Brýnt var talið í stefnumótuninni að byggja safnahús og ráðstefnumiðstöð í samvinnu við ríkið. Fullyrða má að menningar- og ráðstefnuhús sé enn meðal þess sem talið er nauðsynlegast til að efla ferðaþjónustu á svæðinu þannig að margt í þessari stefnumótun hefur staðist vel tímans tönn.

Náttúran

Tröllaskagi *Þrír megingdalir* *Ærið er bratt við Ólafsfjörð, / ógurleg klettahöllin; / teygist hinn myrki múli fram, / minnst við boðaföllin; svo aftur sé vitnað í Jón Helgason og Áfanga hans. Yst við Eyjafjörð er sæbratt eins og framangreind tilvitnun ber með sér en innar er allmikið undirlendi. Vestan fjarðarins er Tröllaskagi sem setur mikinn svip á náttúruna. Þar rís hæsta fjallið, Kerling 1538 metra yfir sjávarmál og upp frá Akureyri blasa Súgur við. Meginhluti Eyjafjarðar eru þrír dalir, Svarfaðardalur, Hörgárdalur og Eyjafjörður og inn af þeim ganga margir smærri dalir.*

Hrísey og Grímsey *Vaðlaheiði* Á Eyjafirði eru Hrísey og Hrólfssker en Grímsey er um 40 km undan landi og norðurheimskautsbaugur liggur um hana þvera. Ysta byggðin er í Ólafsfirði og Dalvík er annar kaupstaður nokkru innar. Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins við innanverðan Eyjafjörð að vestan. Austan fjarðarins er hálendur skagi utan til með tignarlegum fjöllum og þeirra á meðal er Kaldbakur, en innar tekur Vaðlaheiðin við og fjöllin austan Eyjafjarðarsveitar með sínum dölum og fjölbreytta landslagi. Gróður er yfirleitt mikill, mýrar, graslendi og móar, en lítið er um skóga sem fara þó ört vaxandi vegna mikils átaks í skógrækt næstliðna áratugi.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 1080 rúm Fjölbreyttir möguleikar eru á gistingu í Eyjafirði. Á Akureyri eru nokkur hótél og fjöldi gistiheimila og heimavistir skóla. Einnig í nágrannabyggðunum auk ferðaþjónustubænda þar. Samtals eru um 510 herbergi með um 1080 rúmum. Framboð gistingar er töluvert mikið í héraðinu eins og framangreindar tölur bera með sér.

Almennt má segja að vel sé séð fyrir möguleikum á gistingu í Eyjafirði og reikna má með að á almennum markaði verði áfram sú uppbygging sem þörf er á og ástæðulaust að hið opinbera grípi til sérstakra ráðstafana.

Akureyri með sérstöðu Hins vegar mætti nýtingin vera betri þó hún sé nokkuð misjöfn innan svæðisins en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 var nýting gistirýmis á ársgrunni á hótélum og gistiheimilum á Norðurlandi eystra um 37%. Akureyri hefur þó sérstöðu.

Önnur þjónusta

Tjaldsvæði eru á nokkrum stöðum, t.d. í Ólafsfirði og á Dalvík og Akureyri. Einnig eru ágæt tjaldstæði hjá nokkrum ferðaþjónustuaðilum í dreifbýlinu.

Öll almenn þjónusta

Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Merkir staðir

Sögustaðir eru margir í Eyjafirði. Nefna má Möðruvelli í Hörgárdal, sem er gamalt amtmanns- og skólasetur, hinn forna verslunarstað á Gásum, Grund og Munkaþverá í Eyjafjarðarsveit og Laufás í Grýtubakkahreppi. Boðið er upp á skipulagðar skoðunar og útivistarferðir víða á svæðinu. Nefna má ferðir á Kaldbak og göngu- og hestaferðir út í Fjörður. Einnig er á Tröllaskaga öllum mikið um áhugaverðar gönguleiðir. Ekki má gleyma Grímsey sem er nyrsta byggð á Íslandi. Heimskautsbaugurinn gengur um eyna þvera og mörgum ferðamönnum finnst mikið til þess koma að fá vottorð um að hafa komið norður fyrir hann.

Heimskautsbaugurinn

Nokkur söfn

Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, Byggðasafn Dalvíkur, Hvoll, þar sem m.a. má fræðast um Jóhann Pétursson, Svarfdæling (Jóhann rísa), Hákarlasafnið í Hrísey, Safnasafnið á Svalbarðsströnd og gamli bærinn í Laufási, en þar er kirkja sem reist var árið 1865 og torfbær frá svipuðum tíma sem nú er byggðasafn í umsjá þjóðminjavarðar.

Mikil fjölbreytni

Á Akureyri er fjölbreytnin mikil en nefna má sem dæmi Listasafnið, Minjasafn Akureyrar, Nonnahús og Náttúrugripasafnið. Því til viðbótar eru staðir sem mikill fjöldi fólks heimsækir árlega en þeirra á meðal eru Lystigarður Akureyrar, Kjarnaskógur og vetrariþróttasvæðið í Hlíðarfjalli.

Ýmis dægradvöl

Til viðbótar framansögðu má finna ýmsa afþreyingu svo sem fuglaskoðun, golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir og hestaleigu, reiðhjólaleigu, sundlaugar, skútusiglingar, snjósleðaferðir og svifflug. Einnig má stunda fjölbreytta veiðimennsku (silungur, lax, gæs, rjúpa) og sjóstangveiði. Hvalaskoðun er hægt að stunda frá Dalvík og Hauganesi.

Möguleikar

Miklir möguleikar

*Akureyrarflugvöllur
vannýtt auðlynd*

Öflug baklönd

Ljóst er að Eyfirðingar hafa mikla möguleika á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Akureyri hefur stærðar sinnar vegna og staðsetningar upp á margt að bjóða. Akureyrarflugvöllur er vannýtt auðlynd til millilandaflugs sem nýta mætti betur. Baklöndin eru öflug á sviði ferðaþjónustu, einkum í Þingeyjarsýslum en einnig og í vaxandi mæli í Skagafirði. Eftirtektarvert er að í nefndri stefnumótun frá 1990 er lagt til að nýta nálægðina við Mývatnssveit og horfa á hana sem tækifæri í stað þess að fjargviðrast yfir því að ferðamönnum sé ekið þangað og horfa á það öfundaraugum. Á þessu sviði hefur orðið ánægjuleg breyting til batnaðar.

Vetrariþróttamiðstöð

Af samtölum við þá sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að litið er til Akureyrar sem vaxandi ferðamannabæjar og mikilvægt er að möguleikarnir eru ekki eingöngu bundnir við sumarið. Veturna er hægt að markaðssetja bæði út frá fjölbreyttri þjónustu, menningu og íþróttastöðu með áherslu á Vetrariþróttamiðstöð Íslands sem var stofnuð á Akureyri með staðfestingu samstarfs milli menntamálaráðuneytis, Akureyrarbæjar, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar.

Í reglugerð um stofnunina segir m.a.: *Vetrariþróttamiðstöð Íslands, VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur að meginverkefni að efla vetrariþróttir, íþróttافرæðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings, svo sem skólafólks, fatlaðra, keppnis- og afreksfólks í íþróttum með hefðbundnar vetrariþróttir, íþróttافرæðslu og útivist að leiðarljósi*

Uppbygging í Hlíðarfjalli

Af þessu má sjá að grunnur hefur verið lagður að stofnun sem á að verða höfuðvagi vetrariþróttar á Íslandi. Þessu hefur þegar verið fylgt eftir með framkvæmdum í Hlíðarfjalli svo sem byggingu nýrrar stólalýftu og þjónustuhúss. Möguleikarnir eru miklir og þá þarf að nýta með frekari uppbyggingu og framkvæmdum.

Menningartengd ferðaþjónusta

Annar stóru þáttanna er menningartengd ferðaþjónusta. Allt sumarið er samfelld dagskrá listviðburða á Akureyri og yfir vetrartímamann einnig þó með öðru sniði sé, t.d. hjá Leikfélagi Akureyrar. Það sem tilfinnanlega vantar er gott fjölnota menningarhús, þar sem tónlist getur notið sín vel og jafnframt þarf að vera góð aðstaða til ráðstefnuhalds. Þetta er verðugt samstarfsverkefni Akureyrarbæjar og ríkisins og mundi vafalaust skjóta fleiri og styrkari stöðum undir rekstur og afkomu ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Samantekt

Akureyri þungamiðja

Af samtölum við heimamenn og fleiri sem málið varðar má ráða að svæðisskipting veltur á því út frá hvaða hagsmunum málin eru skoðuð. Í vaxandi mæli líta menn á Akureyri sem þungamiðju svæðis sem nær yfir Eyjafjörð allan og Þingeyjarsýslur austur að Jökulsá á Fjöllum. Tengsl við Skagafjörð fara vaxandi.

Uppbygging í Hlíðarfjalli

Tekið er undir þau meginatriði sem fram koma í stefnumótuninni frá 1990 og enn eru á dagskrá, þ.e. áframhaldandi uppbyggingu skíðasvæðis í Hlíðarfjalli og byggingu menningar- og ráðstefnumiðstöðvar.

Fjölbreytt afþreying

Akureyri hefur mikið aðdráttarafli vegna stærðar sinnar og fjölbreytni í afþreyingu og þjónustu og nýtur þess að hafa sterk baklönd í austri og vestri. Gagnkvæmur ávinningur er af því fyrir ferðaþjónustuaðila á Akureyri og í nágrennabyggðunum og á það ber að leggja áherslu.

Ferðaþjónusta tengd tilteknum viðburðum fer vaxandi og má þar nefna *Blús-daga* í Ólafsfirði, *Fiskidaginn* á Dalvík og *Fullveldishátíð* í Hrísey.

Tillögur

Vetrariþróttamiðstöð

➤ Halda áfram uppbyggingu í Hlíðarfjalli við Vetrariþróttamiðstöð Íslands.

Menningar- og ráðstefnuhús

➤ Byggja menningar- og ráðstefnuhús á Akureyri í samvinnu ríkis og bæjar.

Merkingar gönguleiða

➤ Gera átak í merkingu gönguleiða m.a. á Tröllaskaga.

Rétt er að taka fram að þó framangreind verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Eyjafirði.

8.4. Þingeyjarsýslur

SVÓT greining

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur unnið að ýmsum málum sem snerta ferðaþjónustu á starfssvæðinu, m.a. að SVÓT greiningu. Þar var lögð áhersla á þrennt. Samstarf ferðaþjónustuaðila í Þingeyjarsýslum, samþættingu atvinnulífs og ferðaþjónustu í sýslunum og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum; tækifæri þingeyskra ferðaþjónustuaðila til framtíðar.

Áhugaverð náttúra

Ekki kemur á óvart að meðal styrkleika svæðisins eru áhugaverð náttúra og sterk vitund um fjölbreytt og fallett svæði. Einnig er gístiaðstaða talin góð og afþreying nokkuð fjölbreytt. Tækifærin tengjast þessu t.d. á hverasvæðum eða annars staðar þar sem gufu og vatnsafl má nýta. Dæmi um það er Baðfélagið í Mývatnssveit. Einnig er verið að skoða fleiri möguleika á þessu sviði.

Skortur á fjármagni

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Mývatnssveit er meðal þess sem telja má eitt af undrum Íslands frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar og mikilvægt er talið að markaðssetja þjóðgarðinn betur í tengslum við annað á svæðinu.

Meðal veikleika sem taldir eru fyrir hendi má nefna skort á fjármagni til stofnframkvæmda. Einnig vöntun á flugsamgöngum og betri samgöngum á landi. Mörgum finnst það ógna uppbyggingu og möguleikum í framtíðinni ef ekki verða brátt gerðar úrbætur í vegamálum og þá lítið sérstaklega til þarfa ferðaþjónustunnar.

Náttúran

Vaglaskógur

Virkar eldstöðvar

Þekktar laxveiðiar

Þingeyjarsýslur ná yfir afar stórt svæði frá Eyjafirði í vestri til Langaness í austri. Fjölbreytni er mikil í náttúrufari. Milli Eyjafjarðar og Skjálfanda er hálendur skagi og undirlendi lítið. Í Fnjóskadal, austan Vaðlaheiðar er Vaglaskógur sem þykir einn fegursti birkiskógur landsins. Í Bárðardal breytir landið um svip og austan hans tekur við mun yngra land enda er þar komið á aðal gosbelti Íslands. Virkar eldstöðvar eru margar og jarðhita er víða að finna. Hraun og sandar þekja stór svæði og þurrlendi er mikið. Helstu ár eru Fnjóská, Skjálfandafljót, Laxá í Aðaldal, Jökulsá á Fjöllum og árnar í Þistilfirði en þeirra mest er Hafralónsá. Langstærsta og þekktasta vatnið er Mývatn og í umhverfinu þar er einstök náttúrufegurð. Norður-Þingeyjarsýsla liggur að tveimur flóum, Öxarfirði og Þistilfirði. Milli þeirra er Melrakkaslétta en Langanes austan Þistilfjarðar.

Goðafoss

Mývatnssveit

Askja

Jökulsárgljúfur

Hraunhafnartangi

Ýmislegt áhugavert er að finna í náttúru Þingeyjarsýslna. Í suðursýslunni má nefna þekkt kennileiti t.d. Goðafoss og Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti. Mývatn er fjórða stærsta vatn landsins og er heimsfrægt fyrir sitt fuglalíf og talið er að þar séu fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. Fjölbreytileiki jarðmyndana er óvíða meiri en í Mývatnssveit og jarðhiti mikill og sýnilegur. Inn til hálendisins eru þekktir staðir svo sem Herðubreið, Herðubreiðarlindir og Askja. Í norðursýslunni er þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum með sínum náttúruperlum, Jökulsá á Fjöllum, Dettifossi, Hólmatungum, Hljóðaklettum og Ásbyrgi. Á Melrakkasléttu er Hraunhafnartangi, nyrsti tangi landsins og Langanesið er sérstakt og ósnortið út við ysta haf.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 1060 rúm

Ýmsir möguleikar eru á gistingu í Þingeyjarsýslum. Þar eru um 510 herbergi með um 1060 rúmum. Framboð gistingar er mikið í héraðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi

annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda.

Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Þar af leiðandi er ekki mælt með sértækum aðgerðum.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru á nokkrum stöðum, t.d. á Húsavík, í Vaglaskógi, Mývatnssveit og í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílþjónusta, (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Fjölbreytt náttúra

Mikil fjölbreytni í náttúrunni og tækifæri til að skoða hana er algengasta dægradvölin í Þingeyjarsýslum, með öðrum orðum þá er afþreyingin fyrst og fremst náttúrutengd. Goðafoss og hvernig hann tengist Kristnisögunni og Þorgeiri Ljósveitningagoða vekur áhuga margra. Þá eru ferðir um Mývatnssveit og með Jökulsá niður í Ásbyrgi vinsælar, enda ævintýraheimur fyrir náttúruunnendur.

Úrval gönguleiða

Mikið úrval gönguleiða er í héraðinu, stuttra og langra. Í Mývatnssveit má nefna gönguleið upp á Hverfjall og um Dimmuborgir. Einnig stikaða leið frá Reykjahlíð upp á Hlíðarfjall og að Leirhnjúk við Kröflu. Hið sama má segja um Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum en innan marka hans er m.a. Ásbyrgi. Þá er ótalinn Öskjuvegurinn en það er nokkurra daga gönguleið úr Herðubreiðarlindum niður í Svartárkot í Bárðardal.

Nokkur söfn

Hvalaskoðun

Á Húsavík er Safnahúsið, en það hýsir fjölpætta starfsemi um þjóðlegan fróðleik, muni og minjar. Þar er einnig Hvalamiðstöðin sem er safn um flest það sem viðkemur hvöllum og hvalaskoðun jafnframt því sem fjallað er um nýtingu hvalastofnsins að fornu og nýju. Á Kópaskeri er Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga og í Mývatnssveit er Gestastofa Náttúruverndar ríkisins.

Ýmis dægradvöl

Til viðbótar sögutengdu efni má finna ýmsa afþreyingu svo sem golf, gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleigu, kajak- og kanósíglingar og útsýnisflug. Einnig má stunda fjölbreytta veiðimennsku (silungur, lax, gæs, rjúpa). Fjölsóttasta afþreyingin er hvalaskoðun frá Húsavík en aukning hennar hefur verið ævintýri líkust.

Möguleikar

Auðug náttúra

Mývatnssveit

Jökulsárgljúfur

Þingeyingar hafa mikla möguleika á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Svæðið er meðal þeirra fjölbreyttustu frá náttúrunnar hendi og það hvetur mikinn fjölda ferðamanna til heimsóknar. Mývatnssveit er mikill ævintýraheimur bæði hvað snertir jarðfræði og ýmsa þætti lífríkisins, einkum fuglalíf. Hið sama má segja um Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og með góðum vegi vestan Jökulsár opnast fleiri möguleikar sem margir bíða eftir. Þá opnast með betri hætti einstök hringleið sem hægt verður að útfæra með ýmsum útúrdúrum og tengja afþreyingu sem verið er að byggja upp.

Tveir ólíkir heimar

Fjölsóttir staðir

Fáfarnar leiðir

Óplægður akur

Af samtölum við aðila á höfuðborgarsvæðinu sem vinna við markaðssetningu og sölu í ferðaþjónustu er greinilegt að litið er á Þingeyjarsýslur sem tvo ólíka heima. Annars vegar svæðið vestan Jökulsár á Fjöllum þar sem umferð ferðamanna er mjög mikil og margt í boði, enda á héraðið sér áratuga hefð í ferðaþjónustu og þar hefur uppbygging verið mikil. Hins vegar er Norðausturland sem er að miklu leyti óplægður akur í ferðaþjónustu og geldur mjög misgóðra vega og mikilla fjarlægða. Þar eru þó ýmsir möguleikar til lengri tíma litið og dýrmætt að eiga slíkt svæði í nágrenni við þá fjölförnu ferðamannastaði sem hafa verið nefndir.

Samantekt

Misjöfn skilgreining

Akureyri - Jökulsá

Dettifosshringurinn

*Samstaða um
samgöngubætur*

Norðausturland sérstakt

Á fundi með heimamönnum kom fram að menn skilgreina sig og sitt markaðssvæði misjafnlega eftir því hvar er og út frá hvaða sjónarhóli það er gert. Í Suður-Þingeyjarsýslu líta menn helst á héruðin frá Eyjafirði austur að Jökulsá á Fjöllum. Þetta er það svæði sem ferðamenn koma inn á til að verja þar einhverjum tíma. Fyrst og fremst koma menn til að skoða náttúruna og dvelja í héraðinu í þeim tilgangi. Jafnframt hefur orðið feikileg aukning ferðamanna í hvalaskoðunarferðir.

Ein af grundvallarforsendunum fyrir því að ferðaþjónustan þróist með jákvæðum hætti er að samgöngur batni og mikil samstaða er um *Dettifosshringveginn*, þ.e. nýjan veg vestan Jökulsár á Fjöllum, en með honum og þeim vegabótum sem nú er unnið við á Tjörnesi verður komin góð hringleið á svæðinu.

Á fundi með heimamönnum kom fram mikil samstaða um að samgöngubætur sem tengjast ferðaþjónustu væri það sem brýnast væri að ráðast í, enda ætti aðkoma ríkisins að vera auðveld á því sviði án þess að gert væri upp á milli aðila.

Á Norðausturlandi frá Raufarhöfn og austur í Vopnafjörð horfa menn nokkuð til strandleiðarinnar sem tengist við Ásbyrgi inn á fjölfarnar slóðir í vestri og inn á hringveginn í austri, annað hvort uppi á öræfunum eða í Jökuldal þegar fært er á sumrin yfir Hellisheiði.

Tillögur

Dettifossvegur

Jökulsárgljúfur

Baðmenning

Friðsæld við ysta haf

➤ Flýta framkvæmdum við *Dettifossvæg* eins og kostur er.

➤ Vinna markvisst að uppbyggingu og markaðssetningu á þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

➤ Skilgreina sérstakt verkefni í heilsutengdri ferðaþjónustu í samstarfi Baðfélags Mývetninga, ríkisins og Skútustaðahrepps.

➤ Markaðssetja Norðausturland sem fáfarnar og friðsælar slóðir við ysta haf.

Rétt er að taka fram að þó framantalin verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum

9. AUSTUR- OG SUÐAUSTURLAND

*Austurland eitt kjördæmi
en tveir heimar*

Austurland hefur lengi verið ein heild á ýmsum sviðum. Það var eitt kjördæmi og ýmis samvinna sveitarfélaga hefur tekið mið af því. Hins vegar er landshlutinn að mörgu leyti tveir heimar; Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla. Hvað ferðaþjónusta varðar má finna nokkra samsvörun við Norðurland þar sem í báðum landshlutum eru byggðarlög meðal þeirra fäförnustu á landinu eins og Þistilfjörður en einnig mjög eftirsóttir og fjölfarnir staðir eins og Mývatnssveit. Á Austurlandi má nefna hliðstæðu sem er hinn afskekkti og fáfarni Bakkafjörður en einnig eru þar afar fjölsóttir staðir eins og Skaftafell í Öræfum og Fljótdalshérað sem hefur nokkra sérstöðu vegna miðlægrar legu sinnar og veðursældar.

Á vegum einstakra sveitarfélaga á Austur- og Suðausturlandi hefur verið unnið að stefnumótun í atvinnumálum og ferðaþjónusta er hluti af því. Nánar verður vikið að því síðar.

Tvö markaðssvæði

Þrátt fyrir að margt sé sameiginlegt eru augljós rök fyrir því að skipta Austurlandi í tvö markaðssvæði í ferðaþjónustu. Austurlandsfjórðungur er stærsti fjórðungur landsins að flatarmáli og frá Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi í norðri að Lómagnúp í suðri eru um 700 km sé ekið með ströndinni. Það eitt sýnir hve óraunhæft er að skipuleggja og útfæra þjónustu við ferðamenn sem eina heild. Því til viðbótar er margt afar ólíkt með þessum svæðum eins og komið hefur fram og það hefur í reynd verið undirstrikað af heimamönnum með því að koma á fót tvennum samtökum til að markaðssetja landshlutana. Vestur-Skaftafellssýsla hefur einnig mikla sérstöðu með tilliti til staðsetningar og ýmissa annarra þátta eins og rakið verður í umfjöllun um það svæði.

Miklar vegalengdir

Skaftárþing sér

Hér verður nú fjallað um svæðin hvert fyrir sig og þau eru hér kölluð Austurland, Suðausturland og Skaftárþing, en það eru í fyrsta lagi héruðin frá Bakkafirði og suður í Breiðdal, í öðru lagi svæðið frá Djúpavogi og vestur í Skaftafell og í þriðja lagi svæðið frá Lómagnúpi vestur í Mýrdal.

Drjú svæði

9.1. Austurland

Framtíðarsýn

Fram hefur komið að mörg sveitarfélög hafa unnið að stefnumótun í ferðamálum og nefna má sem dæmi afrakstur vinnu á þessu sviði sem sett var saman í skýrslu vorið 2000 með heitinu *Fjarðabyggð – framtíðarsýn 2010*. Þar er m.a. fjallað um ferðaþjónustu og sett fram sú stefna að *uppbygging ferðaþjónustu byggist á háu þjónustustigi og grundvallast aðallega á afþreyingu sem mótuð er og starfrækt fyrir íbúa sveitarfélagsins*. Þessu tengt er stefnumálið að *menning og afþreying í Fjarðabyggð verði þekkt fyrir upplifun og fjölbreytileika sem byggi á mörgum öflugum en smærri viðburðum*.

Fleira mætti nefna er sami grunntónn er allsstaðar, þ.e. að menn hafa almennt gert sér grein fyrir því að ferðaþjónustan er alvöru atvinnugrein sem skiptir vaxandi máli í þjóðarbúskapnum og mannlífi einstakra svæða.

Náttúran

Stærsti skógur landsins

Inn í norðausturströndina ganga þrjár flóar, Bakkaflói, Vopnafjörður og Héraðsflói. Upp frá Héraðsflóa er Fljótsdalshérað sem skiptist neðarlega í Jökuldal og meginadalinn Fljótsdal. Þar er stærsti skógur landsins, Hallormsstaðaskógur. Í norðanverðum dalnum er Hengifoss, þriðji hæsti foss landsins, 118 metrar.

Hæsta byggð á Íslandi

Upp af grösugum dölum Vopnafjarðar taka við víðlendar heiðar og dökkir sandar uns komið er upp í Möðrudal en þar er hæsta byggða ból á Íslandi í 469 metra hæð yfir sjó. Þaðan er fagurt útsýni til allra átta, einkum til suðurs þar sem Herðubreið, Kverkfjöll og Brúarjökull blasa við. Á Austurlandi eru heimkynni hreindýra en þau eru dreifð um allt svæðið frá Vopnafirði og inn undir Vatnajökul.

Hreindýr

Vogskorin strönd

Austurtröndin er öll vogskorin með mislöngum og breiðum fjörðum en þeirra mestur er Reyðarfjörður. Úti fyrir landinu eru nokkrar eyjar og þeirra mestar eru Skrúður og Papey.

Mikil vatnsföll

Sumar stærstu jökulár landsins eru á þessu svæði svo sem Lagarfljót og Jökulsá á Dal en hún hefur m.a. myndað hin stórkostlegu Hafrahvammagljúfur. Þau eru einna hrikalegust við Kárahnjúka og þar mælist hamrastálið um 160 metra hátt. Einnig er fjöldi bergvatnsáa í landshlutanum, t.d. Hofsá og Selá í Vopnafirði og Breiðdalsá í samnefndum dal.

Nafntoguð fjöll

Nafntoguð fjöll eru í fjórðungnum. Allir sem aka frá Norðurlandi til Austurlands í góðu veðri sjá Dyrfjöll blasa við milli Héraðs og Borgarfjarðar eystri. Þegar sér inn Fljótsdal gnæfir Snæfell þar til himins en það er hæsta fjall landsins utan jökla, 1833 m.y.s. Í norðanverðum Vatnajökli eru m.a. Kverkfjöll sem eru mjög sérstök vegna stórkostlegs samspils elds og íss.

Framboð á gistingu

Framboð gistingar er um 920 rúm

Ýmsir möguleikar eru á gistingu á Austurlandi. Þar eru um 440 herbergi með um 920 rúmum. Framboð gistingar er töluvert mikið á svæðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda.

Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001 var nýting gistirýmis á ársgrunni á hótélum og gistiheimilum á Austurlandi um 36%, þó hún sé nokkuð misjöfn innan svæðisins. Til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Sértekra aðgerða er því ekki þörf.

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta

Tjaldsvæði eru víða en það þekktasta er trúlega í Atlavík í Hallormsstaðaskógi. Þess utan eru tjaldstæði á flestum þéttbýlisstöðum. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Stórbrotin náttúra

Stórbrotin náttúra er það sem hvetur flesta til heimsóknna á Austurland, þ.e. afþreyingin er fyrst og fremst náttúrutengd. Boðið er upp á skipulagðar skoðunar og útivistarferðir víða á svæðinu og þar er mikið af fallegum og fjölbreyttum gönguleiðum. Nefna má í því sambandi svonefndar Víknaslóðir milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar.

Nokkur söfn

Stofnun Gunnars Gunnarssonar

Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Burstafell í Vopnafirði sem er gamall torfbær og minjasafn og Sænautasel á Jökuldal sem er endurgerður gamall bær. Á Borgarfirði eystri er steinasafn í Álfasteini sem hefur sérhæft sig í gerð minjagripa og ýmissa muna úr íslensku bergi. Skriðuklaustur er fornt höfuðból í Fljótsdal. Þar er nú Stofnun Gunnars Gunnarssonar sem er menningar og fræðasetur. Á Egilsstöðum er Safnastofnun Austurlands, tækniminjasafn á Seyðisfirði, á Eskifirði er sjóminja- og byggðasafn og á Neskaupstað er náttúrugripasafn. Á Stöðvarfirði er Steinasafn Petru vinsæll viðkomustaður.

Ýmis dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, kajakleiga, flúðasiglingar, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósleðaferðir, siglingaferðir bæði á sjó og á Lagarfljóti, sjóstangveiði, og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa). Þá er ótalin veiði á hreindýrum, en hana er hérlendis aðeins hægt að stunda á Austur- og Suðausturlandi.

Möguleikar

Ný Norræna

Beint Evrópuflug

Á Austurlandi eru miklir möguleikar á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Landshlutinn býr yfir mikilli fjölbreytni frá náttúrunnar hendi og það dregur fjölda ferðamanna að. Fljótdalshérað er einstaklega veðursælt og það ásamt fleiru hefur gert það að verkum að mikill fjöldi orlofshúsa er þar. Búast má við vexti á þeim markaði. Siglingar Norrænu til Seyðisfjarðar hafa haft mikið að segja og með tilkomu nýrrar ferju vorið 2003 opnast fleiri möguleikar og umsvif í ferðaþjónustu munu aukast verulega. Hið sama má segja um beint flug milli Evrópu og Egilsstaða og spennandi verður að sjá hvernig það gengur og hvaða áhrif það hefur.

Vatnajökull einstakur

Vatnajökull á engan sinn líka í veröldinni og þar má finna mikil náttúruundur t.d. í Kverkfjöllum. Ferðir á jökulinn hafa lengi notið mikilla vinsælda og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram. Umræða hefur verið um að gera jökulinn allan að þjóðgarði og margir ferðaþjónustuaðilar leggja áherslu á að því verði hraðað.

Samantekt

Misjöfn skilgreining svæða

Á fundi með heimamönnum kom fram að menn skilgreina sig og sitt svæði misjafnlega eftir því hvar er og út frá hvaða sjónarhóli það er gert. Sumir líta á Hérað sem sérstaka heild en aðrir á Miðausturland allt, þ.e. svæðið frá Helliheiði til Breiðdalsvíkur sem eitt markaðssvæði. Hins vegar sé ljóst að Vatnajökul og umhverfi hans verði að skoða í stærra samhengi og sama sjónarmið kom fram í Hornafirði þar sem jökullinn hefur verið þungamiðja umsvifa í ferðaþjónustu.

Vatnajökulþjóðgarður

Almenn samstaða virðist um að mikilvægt sé að Vatnajökull verði gerður að þjóðgarði. Ferðamenn koma fyrst og fremst til að skoða náttúruna og dvelja á Austurlandi í þeim tilgangi.

	Tillögur
<i>Vatnajökulsþjóðgarður</i>	➤ Unnið verði að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
<i>Aldamótabærinn</i>	➤ Stutt verði við uppbyggingu verkefnisins <i>Aldamótabærinn</i> á Seyðisfirði.
<i>Hreindýraverkefni</i>	➤ Stutt verði við <i>hreindýraverkefni</i> í samvinnu við heimamenn.

Rétt er að taka fram að þó þessi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu á Austurlandi.

9.2. Suðausturland

<i>Stefnumótun</i>	Á Suðausturlandi hefur verið unnið að stefnumótun eins og víða annars staðar. Í Hornafirði hafa menn sett sér það markmið að <i>nýta auðuga náttúru og menningu svæðisins til að byggja áfram upp ferðaþjónustu með áherslu á tengsl við jökul, þjóðgarð, söfn og hefðbundnar atvinnugreinar, þannig að ferðaþjónusta verði öflug undirstöðugrein atvinnulífsins.</i>
--------------------	---

Náttúran

<i>Flatar sandstrendur</i>	Suðausturland er að mörgu leyti ólíkt öðrum hlutum landsins. Ströndin er nær öll lág og sendin, nema sá hluti hennar sem er milli Austurhorns og Djúpavogs. Austast er Hamarsfjörður, þá Álfafjörður og síðan Lónsvík, Skarðsfjörur og Hornafjörður. Báðum megin Lónsfjarðar ganga fjallgarðar með áberandi hætti í sjó fram og enda í Austurhorni og Vesturhorni. Þar fyrir vestan er sandströnd, flöt og fjarðalaus alveg vestur að Ingólfshöfða.
----------------------------	---

<i>Vatnajökull er táknið</i>	Ef nefna ætti eitthvað eitt sem er einkennandi fyrir Suðausturland þá er það vafalaust Vatnajökull. Þessi stærsti jökull Evrópu setur mikinn svip á umhverfið og frá honum ganga skriðjökklar niður á láglandið. Undir honum er fjöldi virkra eldstöðva og þar eru margir tindar og fjöll. Eitt þeirra er Örafajökull þar sem hæsta fjall landsins, Hvannadalshnjúkur rís í 2119 metra hæð yfir sjó.
------------------------------	--

<i>Miklar andstæður</i>	Í náttúrunni er margt áhugavert að sjá og andstæðurnar eru víða miklar. Þekktasta dæmið er Skaftafell þar sem blómskrúð er mikið og veðursæld. Inn af Skaftafelli er Morsárdalur og í vesturhlíðum hans er Bæjarstaðaskógur sem er einn af stærstu birkisskógum landsins. Í mikilli nánd og yfir þessu öllu gnæfir svo jökullinn.
-------------------------	---

<i>Mikil fljót</i>	Sumar stærstu jökulár landsins eru þarna, þó stuttar séu, svo sem Jökulsá í Lóni, Hornafjarðarfljót, Jökulsá á Breiðamerkursandi og Skeiðará.
--------------------	---

Framboð á gistingu

<i>Framboð gistingar er um 670 rúm</i>	Ýmsir möguleikar eru á gistingu á Austurlandi. Þar eru um 330 herbergi með um 670 rúmunum. Framboð gistingar er töluvert í héraðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótél og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda. Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.
--	---

Önnur þjónusta

Öll almenn þjónusta Tjaldsvæði eru víða en það þekktasta er trúlega í Skaftafelli í Örafum. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílaþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætlunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Stórbrotin náttúra Stórbrotin náttúra er það sem flestir sækjast eftir á Suðausturlandi, þ.e. afþreyingin er fyrst og fremst náttúrutengd. Boðið er upp á skipulagðar skoðunar og útivistarferðir víða á svæðinu og þar er mikið af fallegum og fjölbreyttum gönguleiðum. Nefna má í því sambandi Lónsöræfi sem eru hrikaleg, fjölbreytt og fögur. Svæðið var gert að friðlandi árið 1977. Þar sjást oft hreindýr yfir sumartímann.

Lónsöræfi

Jökulsárlón

Ferðir á Vatnajökul hafa notið mikilla vinsælda og hið sama má segja um siglingu á Jökulsárlóninu við rætur Breiðamerkurjökuls. Þar er stutt til sjávar og náttúruöflin takast á með hrikalegum hætti.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli

Í þjóðgarðinum í Skaftafelli er mikið af fallegum gönguleiðum. Sem dæmi má nefna Giljaleið að Svartafossi eða leið að rótum Skaftafellsjökuls. Lengri leiðir eru að upptökum Skeiðarár og í Bæjarstaðaskóg.

Nokkur söfn

Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Langabúð á Djúpavogi sem er safn Ríkarðs Jónssonar myndskera og minningarstofa um Eystein Jónsson og Sólveigu Eyjólfsdóttur. Á Höfn í Hornafirði er Byggðasafn Austur-Skaftfellinga í Gömlu búð og Pakkhúsinu. Í vöruhúsi KASK á Höfn er Jöklasýning.

Ýmis dægradvöl

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósleðaferðir, jeppa- og snjóbílaferðir, bátsferðir á Jökulsárlóni, og ýmis veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa). Þá er ótalin veiði á hreindýrum, en hana er hérlendis aðeins hægt að stunda í Austurlandsfjórðungi

Möguleikar

Mikil fjölbreytni

Á Suðausturlandi eru miklir möguleikar á að auka umsvif í ferðaþjónustu. Landshlutinn býr yfir mikilli fjölbreytni frá náttúrunnar hendi og það dregur að mikinn fjölda ferðamanna.

Vatnajökull einstakur

Vatnajökull á engan sinn líka í veröldinni og þar má finna gríðarleg náttúruundur svo sem í Grímsvötnum og Kverkfjöllum. Ferðir á jökulinn hafa lengi notið mikilla vinsælda og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram. Umræða hefur verið um að gera jökulinn allan að þjóðgarði og á það er lögð mikil áhersla af heimamönnum.

Jökulsárlón

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og allar líkur á að svo verði áfram í vaxandi mæli. Þá er Þjóðgarðurinn í Skaftafelli mikið ævintýraland eins og fram hefur komið og þangað mun áfram koma mikill fjöldi ferðamanna.

Samantekt

Sérstakt markaðssvæði

Á fundi með heimamönnum á Hornafirði kom fram að líta beri á Suðausturland frá Lóni vestur í Skaftafell sem sérstakt markaðssvæði, enda hefur sérstakur markaðsfulltrúi annast það. Mikilvægt er þó að halda góðri samvinnu við ferðaþjónustuaðila á Héraði og ekki síður við þá sem skipuleggja ferðir í Reykjavík.

Vatnajökulspjóðgarður

Brýnt er að skoða Vatnajökul og umhverfi hans í stærra samhengi enda er hann einn helsti grundvöllur og þungamiðja umsvifa í ferðaþjónustu. Almenn samstaða er um að gera Vatnajökull að þjóðgarði. Ferðamenn koma fyrst og fremst til að skoða náttúruna og dvelja á svæðinu í þeim tilgangi.

Jöklasetur

Mikill áhugi er á að koma upp jöklasetri á Höfn þar sem hafa mætti jöklasýningu og fjölpjóðlegt fræðasetur tengt jöklarannsóknum.

Tillögur

Vatnajökulspjóðgarður

➤ Vinna að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

Jöklasetur á Höfn

➤ Byggja Jöklasetur á Höfn í Hornafirði í samvinnu ríkis og sveitarfélagsins.

Rétt er að taka fram að þó þessi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsgöðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu á Suðausturlandi.

9.3. Skaftárþing

Stefnumótun

Árið 1992 var gefin út *Stefnumótun í Skaftárhreppi* sem var afrakstur vinnu við að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu. Vorið 1995 var ráðinn ferðamálafulltrúi og eitt aðalverkefni hans var að hafa umsjón með endurskoðun stefnu í ferðamálum. 1996 var gefin út skýrsla *Stefnumótun ferðaþjónustu í Skaftárhreppi*. Í inngangi þeirrar skýrslu er m.a. vísað til stefnumótunarinnar frá 1992 og um hana segir: *Ferðaþjónustufólk í hreppnum telur að stefnumótunin hafi orðið að miklu gagni við þróun ferðaþjónustu í hreppnum. Unnið var markvisst eftir henni og má segja að mesta viðurkenningin á því starfi hafi verið að Skaftárhreppur var tilnefndur fyrir Íslands hönd til Evrópskra umhverfisverðlauna ferðaþjónustunnar sumarið 1995.*

Náttúran

Mikil vötn

Við austurmörk svæðisins er vel við hæfi að vitna aftur í Áfanga Jóns Helgasonar. *Vötnin byltast að Brunasandi, / bólgnar þar kvikan gljúp; / landið ber sér á breiðum herðum / bjartan og svalan hjúp; / jötuninn stendur með járnstaf í hendi / jafnan við Lómagnúp, / kallar hann mig, og kallar hann þig... / kuldaleg rödd og djúp.*

Upp frá láglendi Vestur-Skaftafellssýslu rísa lágur en brattar hlíðar en ofan þeirra eru hallandi heiðalönd allt að Vatnajökli. Héraðið er rómað fyrir náttúrufegurð og veðursæld.

Ein mestu hraun landsins

Ein mestu hraun landsins eru á þessu svæði t.d. Eldhraunið sem er stærsta hraun frá einu gosi á sögulegum tíma. Mikil fljót falla þarna um og þeirra

<i>Þekktar eldstöðvar</i>	mest eru Kúðafljót og Núpsvötn. Ofan byggðar eru þekktar eldstöðvar, Eldgjá, Lakagígar og Katla sem gaus síðast árið 1918. Frá Lakagígum rann Skaftáreldahraun árið 1783.
<i>Margt að sjá</i>	Margt fagurt er í náttúrunni og þar má nefna Dverghamra, Fjarðarargljúfur, Fagrafoss og Lakagíga, Landbrotshóla, Eldgjá og Álftavötn. Í Mýrdalnum er Reynisfjall og Reynisdrangar. Einnig Dyrhólaey sem er 120 metra hár kletthöfði vestan Víkur og er hún talin syðsti oddi Íslands. Yfir þessu gnæfir Mýrdalsjökull og í honum blundar eldstöðin Katla.
<i>Framboð gistingar er um 620 rúm</i>	Framboð á gistingu Ýmsir möguleikar eru á gistingu í Vestur-Skaftafellssýslu. Þar eru um 290 herbergi með um 620 rúmum. Framboð gistingar er þó nokkuð á svæðinu eins og framangreindar tölur bera með sér. Þar eru nokkur hótel og fjöldi annarra gistihúsa og gististaða, t.d. heimavistir skóla, bændagisting bæði í sérhúsum og í herbergjum á heimilum bænda. Á háönn kann að skorta gistirými á einstökum stöðum en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Sértekra aðgerða er því ekki þörf.
<i>Öll almenn þjónusta</i>	Önnur þjónusta Tjaldsvæði eru nokkur og flest þeirra góð. Nefna má Kirkjubæjarklaustur sem dæmi um það. Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleigur, bílþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætluunarferðir og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.
<i>Stórbrotin náttúra</i>	Dægradvöl Eins og víðar á Íslandi er það stórbrotin og fjölbreytt náttúra sem hvetur flesta til heimsóknar á þetta svæði. Boðið er upp á skipulagðar skoðunar og útivistarferðir víða á svæðinu og þar er mikið af fallegum og fjölbreyttum gönguleiðum. Á Núpsstað er gamalt torfhlaðið bænahús sem er að stofni til frá 17. öld.
<i>Þekktar gönguleiðir</i>	Stutt er í eina þekktustu gönguleið landsins sem nefnd er <i>Laugavegurinn</i> og liggur milli Landmannalauga og Þórsmerkur.
<i>Fræðslusetur</i>	Kirkjubæjarstofa er nýtt menningar- og fræðslusetur á Kirkjubæjarklaustri. Einnig má nefna búvélasafnið í Efri-Vík. Á Kirkjubæ segir landnáma að Papar hafi fyrst sest að. Þar var stofnað nunnuklaustur árið 1186. Ýmsar þjóðsögur eru tengdar klaustrinu, meðal annars um Systrastapa.
<i>Ýmis dægradvöl</i>	Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem golf, handverkshús (gallerí), gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, hestaleiga, hjólabátsferðir frá Vík, reiðhjólaleiga, sundlaugar, snjósleðaferðir, sjóstangveiði, og önnur veiði (silungur, lax, gæs, rjúpa).
<i>Þekkt ferðaþjónustusvæði</i>	Möguleikar Vestur-Skaftafellssýsla er þekkt ferðaþjónustusvæði. Veðursæld er mikil og náttúrufergurð rómuð. Þarna eru fjölfarnar leiðir upp til hálandisins þar sem margar náttúruperlur er að finna svo sem Eldgjá, Lakagíga og Landmannalaugar. Svæðið er afar fjölbreytt frá náttúrunnar hendi og það dregur að mikinn fjölda ferðamanna.
<i>Veðursæld mikil</i>	

Rætt hefur verið um þemaferðir í göngu og það gæti verið áhugaverður kostur. Margir ferðamenn eiga sér sérstök áhugamál og hafa lagt sig fram við að kynna sér sem best allt sem þau snertir. Þetta gæti verið liður í því.

Göngu- og reiðleiðir

Í þeirri stefnumótun sem nefnd var eru miklir möguleikar taldir felast í mörgum göngu- og reiðleiðum sem þurfi að merkja og laga fyrir ferðafólk. Einnig felast tækifæri til aukinnar ferðaþjónustu í því að fjölfarnir fjallvegir (Fjallabaksleiðirnar) liggja um svæðið og tengjast þar hringveginum. Þá er vaxandi orlofsbyggð, en í kringum hana blómstrar fjölþætt þjónusta.

Samantekt

Sjálfstætt markaðssvæði

Í Vestur-Skaftafellssýslu líta flestir á svæðið sem sjálfstætt markaðssvæði og það sem sameiginlegt er nái fremur austur í Skaftafell en vestur á bóginn. Það kemur heim og saman við sjónarmið ferðaþjónustuaðila í Reykjavík sem segja að Suðurland austur til Hvolsvallar eða jafnvel austur undir Eyjafjöll sé ákveðin heild sem ná megi yfir í dagsferðum og í tengslum við fyrirtækjaferðir, árshátíðir og fleira í þeim dúr.

Náttúran fyrst og fremst

Fyrst og fremst koma menn til að skoða náttúruna og dvelja í landshlutanum í þeim tilgangi, a.m.k. erlendir gestir. Íslendingar gera það einnig en líka til að dvelja í sumarhúsum og orlofshúsum.

Tillögur

Menningar- og fræðslusetur

➤ Styðja við áframhaldandi uppbyggingu menningar- og fræðsluseturs á Kirkjubæjarklaustri.

Vegabætur

➤ Opna hringleið með vegabótum frá Lakagígum að Leiðólfsvelli.

Rétt er að taka fram að þó þessi verkefni séu dregin fram sem höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á sviði ferðaþjónustu í Skaftárþingi.

10. VIÐMÆLENDALISTI

Staður:	Viðmælandi:	Starfsheiti / staður:
Borgarnes	Ásthildur Sturludóttir Hefna B. Jónsdóttir Ólafur Sveinsson	Ferðamálafulltrúi Atvinnuráðgjafi Atvinnuráðgjafi
Stykkishólmur	Ásthildur Sturludóttir Drífa Skúladóttir Guðlaugur Bergmann Ingi Hans Jónsson Ingbjörg Torfhildur Pálsdóttir Jóhanna Guðmundsdóttir Skúli Alexandersson	Ferðamálafulltrúi Hellissandur Hellnum Grundarfjörður FAG Formaður Ferðamálasamtaka Snæfellsnes Efling Stykkishólms Hellissandur
Patreksfjörður	Gunnar Egilsson Jóhann Ásmundsson Jón Örn Pálsson Lilja Magnúsdóttir Oddur Guðmundsson Þórólfur Halldórsson	Tálknafjörður Minjasafnið Hnjóti Byggðastofnun - Patreksfirði Atvinnumálanefnd Tálknafjarðar Atvinnumálanefnd í Vesturbyggð Formaður Atvinnumálanefndar í Vesturbyggð
Ísafjörður	Aðalsteinn Óskarsson Dorothee Lubecki Jóna Símonía Bjarnadóttir Rúnar Óli Karlsson Sigríður Ó. Kristjánsdóttir Sigríður G. Ásgeirsdóttir	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða Skjalasafnið Ísafirði Ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar Vesturfirðir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Hvammstangi	Gudrun M.H.Kloes Pétur Jónsson	Ferðamálafulltrúi - Hagfélagið ehf. Formaður Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu
Blönduós	Hallur Hilmarsson Haukur Suska-Garðarsson Lúðvík Vilhelmsson Sigurður Sigurðsson	Hallur Hilmarsson ehf. Ferða- og markaðsfulltrúi A-Húnavatnssýslu Kaupfélag Húnavetninga Atvinnuráðgjafi INVEST
Hofsós	Brynjar Sindri Sigurðsson Guðbjörg Guðmundsdóttir Valgeir Þorvaldsson	Atvinnu- og ferðamálafulltrúi Siglufirði Ferðamálafulltrúi Skagafjarðar Vesturfarasetrið á Hofsósi
Dalvík	Knútur Karlsson Ómar Banine Þórður Kristleifsson	Upplýsingamiðstöðin á Akureyri Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar Ferðamálafulltrúi Dalvíkur
Húsavík	Ásbjörn Björgvinsson Börkur Emilsson Jóna Fanney Friðriksdóttir Pétur Snæbjörnsson Tryggvi Finnsson	Hvalamiðstöðin á Húsavík Veitingahúsið Salka - Hvalaverðir ehf. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Hótel Reynihlíð Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Raufarhöfn	Erlingur B. Thoroddsen	Hótel Norðurljós
Þórshöfn	Karen Rut Konráðsdóttir	Ferðamálafélagið Súlan
Egilsstaðir	Aðalheiður Borgþórsdóttir Auður Anna Ingólfssdóttir Jóhanna Gísladóttir Óðinn Gunnar Óðinsson	Ferða- og menningarmálafulltrúi Seyðisfjarðar Hótelstjóri Hótel Hérað Frankvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands Þróunarstofa Austurlands
Höfn	Ásmundur Gíslason Sigurlaug Gissurardóttir	Árnanes Árbær / Brunnhóll
Kirkjubæjarklaustur	Alexander G. Alexandersson Bryndís F. Harðardóttir Erla F. Ívarsdóttir Kjartan Magnússon Sædís Íva Elíasdóttir	Ferðamálafélag Skaftárhrepps Sveitarstjórn Mýrdalshrepps Ferðamálafélag Skaftárhrepps Sveitarstjórn Skaftárhrepps Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands
Hvolsvöllur	Eyja Þóra Einarsdóttir Guðlaug Ósk Svansdóttir Gusian Stolzenwald Kristinn Jónsson Kristín Aradóttir Ólafur Eggertsson Óli Már Aronsson Pálína Björk Jónsdóttir Róbert Jónsson Sigurbjörg Óskarsdóttir	Moldnúpur Hellishólar Stokkalækur Staðarbakki - Fljótshlíð Neðri Þverá Þorvaldseyri Hella - Rangárvallahreppur Dufþaksholt Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands Hellishólar
Selfoss	Aldís Hafsteinsdóttir Ásborg Arnþórsdóttir Jóhanna Róbertsdóttir Kristín Árnadóttir Linda Samúelsson Margrét Ásgeirsdóttir Róbert Jónsson Sigurður Bjarnason Skúli Arason Sverrir Sveinn Sigurðarson Valdimar Össurason	Forseti Bæjarstjórnar Hveragerði Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu Kaupfélag Árnesinga Veitingastaðurinn Menam Gesthús við Engjaveg Upplýsingamiðstöð Árborg Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands Upplýsingamiðstöð Suðurlands Deildarstjóri Atvinnu- og upplýsingadeildar Árborgar Félagsheimilið Þjórsárver
Vestmannaeyjar	Auróra G. Friðriksdóttir Björgvin Arnaldsson Jóhann Heiðmundsson Sigmar Georgsson Sigmundur Einarsson Valgeir Arnórsson	Ferðamálafulltrúi Herjólfur (Landflutningar / Samskip) Hótel Þórshamar Höllin, veislu- og ráðstefnuhús Viking ferðir Flugfélag Vestmannaeyja
Reykjanesbær	Jóhann D. Jónsson Kristján Pálsson	Ferðamálafulltrúi Suðurnesja Formaður Ferðamálasamtaka Reykjanes
Höfuðborgarsvæði	Pétur Rafnsson Svanhildur Konráðsdóttir Jón Halldór Jónasson	Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins Forstöðumaður Höfuðborgarstofu Ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar

Aðrir

Árni Gunnarsson	Flugfélag Íslands
Höskuldur Jónsson	Ferðafélag Íslands
Ingibjörg Hallbjörnsdóttir	Upplýsingamiðstöð ferðamála Reykjavík
Kalla Björg Karlsdóttir	Íslenskar ævintýraferðir
Snorri Tómasson	Ferðamálasjóður
Steinn Lárusson	Flugleiðir
Sævar Skaptason	Ferðaðjónusta bænda
Tryggvi Árnason	SBS / Austurleið
Tryggvi Guðmundsson	Hótel Edda
Úlfar Antonsson	Ferðaskrifstofa Íslands